



SKOÐUN Gagnlegra er að menn vinni svart en ekkert, skrifar Pawel Bartoszek. **17**



MENNING Bettina Enriquez vann fund með Jóni Gnarr og ber borgarstjóranum vel söguna. **32**



SPORT Landsliðsmaðurinn Kári Kristján Kristjánsson var í gær rekinn frá félagi sínu, Wetzlar. **34**

ASUS ZENBOOK™

HÖNNUN
HRAÐI
FEGURÐ

tl.is

TÖLVU LISTINN

FRÉTTABLAÐIÐ

Föstudagur

5. apríl 2013
79. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

LÍFIÐ



Ekkert of gróft eða viðkvæmt

Sunneva Sverrisdóttir segist hafa fengið jákvæð viðbrögð við kynfræðsluþættinum Tveir + sex.

FRÉTTIR

Útrás í sleðadrætti Benedikt Magnússon ætlar að láta tuttugu hunda draga sleða í Heiðmörk um helgina. **2**

Óvissuástand í Kóreu Stjórnvöld í Pjongjang halda áfram að hóta stríði. **6**

Ráða ekki við gróðurelda Fáliduð slökkvilið á landsbyggðinni eru ekki skipulögð til að ráða við mikla gróðurelda. **8**



Bolungarvík	0°	A	9
Akureyri	3°	NA	4
Egilsstaðir	-3°	NA	3
Kirkjubæjarkl.	2°	A	5
Reykjavík	5°	A	6

AUSTANÁTT í dag verða víða austan 5-13 m/s og skýjað með köflum. Skúrir eða él S- og V-til síðdegis. Kólnandi veður. **4**

2 SÉRBLÖÐ

Lífið | Fólk



ÞINN DAGLEGI

fróosh
fruit: bottled



Hver flaska af froosh inniheldur 100% ferska ávexti!

Framsókn nærri meirihluta

Framsóknarflokkurinn vantar einn mann upp á þingmeirihluta samkvæmt könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2. Fylgishrun Sjálfstæðisflokks heldur áfram. Aðrir flokkar undir tíu prósentum. Píratar ná yfir fimm prósent.

2013

Framsóknarflokkurinn fengi fjórutíu prósent atkvæða yrði gengið til kosninga nú, og mælist langstærsti stjórnmálaflokkurinn samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2 sem gerð var í gærkvöldi og fyrrkvöld.

Framsókn kemst nærri því að fá hreinan þingmeirihluta, fengi 31 þingmann af 63 og vantar aðeins einn upp á hreinan meirihluta. Fylgishrun Sjálfstæðisflokksins heldur áfram. Flokkurinn fær stuðning 17,8 prósentu og hefur fylgið hrundið um tíu prósentustig á þremur vikum.

Píratar mælast með 5,6 prósentu fylgi og yrðu samkvæmt þessu annað nýja framboðið til að ná inn á Alþingi með fjóra þingmenn. Hitt nýja fram-


boðið, Björt framtíð, nýtur stuðnings 8,3 prósentu kjósenda og fengi miðað við það fimm þingmenn kjörna.

Stjórnarflokkarnir bíða afhröð og Vinstri græn eru ekki langt frá því að detta út af þingi. Flokkurinn fengi 5,6 prósent atkvæða yrði gengið til kosninga nú. Samfylkingin hefur tapað nær þriðjungi fylgis síns á þremur vikum og mælist með stuðning 9,5 prósentu kjósenda. Stjórnarflokkarnir njóta því samanlagt stuðnings 15,1 prósentu kjósenda.

„Könnunin sýnir að Framsóknarflokkurinn er í stórsókn og Sjálfstæðisflokkurinn í svo mikilli kreppu að ég hef aldrei séð annað eins,“ segir Gunnar Helgi Kristinsson stjórnmálafræðiprófessor. „Þessi þróun öll gengur lengra en maður getur trúað.“

- bj / sjá síðu 4

FJÖLDI ÞINGMANNA



Fjöldi þingmanna miðað við könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2. Fjöldi þingmanna á þingi nú.

HEIMILD: KÖNNUN FRÉTTABLAÐSINS OG STÖÐVAR 2 DAGANA 3. OG 4. APRÍL 2013



GLÆSIMARK HJÁ GYLFA Gylfi Þór Sigurðsson tryggði Tottenham 2-2 jafntefli á móti svissneska liðinu Basel í gærkvöldi í fyrri leik liðanna í átta liða úrslitum Evrópuvæðinganna. Gylfi kom inn á sem varamaður í fyrri hálfleik en Tottenham lenti 0-2 undir í leiknum. Þetta var þriðja Evrópumark Gylfa á tímabilinu. **Sjá síðu 34.**

NORDICPHOTOS/GETTY

Heimildir skortir til að sannreyna raunveruleg auðkenni útlendinga á Íslandi:

Urðu Íslendingar út á fölsuð skjöl

STJÓRNSÝSLA Dæmi eru um að útlendingar sem flytjast hingað til lands hafi fengið ríkisborgararétt á grundvelli falsaðra gagna. Hvorki Þjóðskrá né Útlendingastofnun hafa nægar heimildir til að sannreyna raunveruleg auðkenni útlendinga hér á landi, að mati forstöðumanna stofnananna. Forstjóri Útlendingastofnunar, Kristín Völundardóttir, segir ljóst að árlega komi hingað til lands fólk undir fölsku flaggi.

Útlendingastofnun gefur út um 3.500 dvalarleyfi til útlendinga á ári hverju og telur Kristín að um eitt prósent þeirra hafi framvísað fölsuðum skilríkjum. Kristín

undirstrikar að engin leið sé til að vita fjöldann fyrir víst þar sem heimildir skorti.

„Þetta er ekki stór hópur en hættan er sú að þetta geta verið hættulegir einstaklingar. Það er ástæða fyrir því að fólk er að þessu og við vitum ekki hver hún er. Auðvitað eiga menn ekki að komast upp með að leynd hverjir þeir eru í raun,“ segir hún. „Við höfum verið svolítið auðtrúa í þessum málum en vandamálið hefur birst í meiri mæli á undanföllum árum. Nú er þetta augljóslega stærra vandamál sem þarf að glíma við og þess vegna verða að vera til úrræði.“

- sv / sjá síðu 12

Þetta er ekki stór hópur, en hættan er sú að þetta geta verið hættulegir einstaklingar.

Kristín Völundardóttir, forstjóri Útlendingastofnunar

Meiddur landsliðsmaður: Kláraði öll borð Candy Crush

MENNING „Ég náði að klára öll borðin sem eru í boði og þarf að bíða eftir að þeir uppfæri leikinn og búi til ný borð,“ segir handboltalandsliðsmaðurinn Vignir Svavarsson, sem náði þeim merka árangri á dögunum að klára öll 245 borðin í hinum feikivinsæla Facebook-leik Candy Crush.



VIGNIR SVAVARSSON

Leikurinn, sem snýst um að safna sælgætismolum og sprengja þá, hefur tröllriðið heimsbyggðinni að undanfögnu og skipar efsta sætið á ófám listum yfir vinsælustu leiki netheima. Þóttinn um heilræði í leiknum segist Vignir mæla með að slíta krossband, en sjálfur lenti hann í því í febrúar og segist í kjölfarið loksins hafa haft tíma til að sinna leiknum betur.

- trs / sjá síðu 38

NÝ KILJA

Sumar án karlmanna

„Snjöll og margbrotin.“

SUNDAY TIMES

VAKA-HELGAPELL

www.forlagid.is

- alvöru bókabúð á netinu

LÆKKUM VERÐ Á NÝJUM BÍLUM FRÁ CHEVROLET

Nánari upplýsingar á benni.is

ALLT AÐ 400.000 kr. VERÐLÆKKUN

CHEVROLET

Bíllitá Benna

SPURNING DAGSINS



Bergþór, ætlarðu þá núna að halda þig á mottunni?

„Já, annars er hætt við að ég verði tekinn á teppið.“

Stórsöngvarinn Bergþór Pálsson hefur í tvö ár unnið að því að sauma endurgerð gamals riddarateppis af Þjóðminjasafninu.

Formaður Hægri grænna uppgötvaði í gær að hann er ekki kjörgengur:

Reynir að kæra sig inn á kjörskrá

KOSNINGAR „Svona er þetta bara,“ segir Guðmundur Franklín Jónsson, formaður Hægri grænna, sem uppgötvaði í gær að hann væri ekki á kjörskrá og þar af leiðandi ekki kjörgengur í komandi alþingiskosningum.

Guðmundur skipar efsta sætið á lista flokksins í Suðvesturkjördæmi og segist hafa falið lögmanni sínum að reyna að kæra sig inn á kjörskrá. Hann segir að slíkt sé býsna algengt þegar kjösendur átti sig á því á kjörstað að þeir séu ekki á kjörskránni.

„Í versta falli þurfum við að finna nýjan mann í oddvitasætið,“ segir Guðmundur. Ekki þurfi að skila inn fullbúnum framboðslistum

fyrir en 12. apríl. „Þannig að það er nógur tími til stefnu,“ segir hann.

Astæða þess að Guðmundur er ekki á kjörskrá er sú að hann hefur verið með lögheimili erlendis lengi. Hann hefði þurft að skrá lögheimilið á Íslandi fyrir 23. mars, síðasta viðmiðunardag Þjóðskrár, til að verða kjörgengur í kosningunum.

Guðmundur segist þó áfram munu verða formaður flokksins, hvað sem gerist, og að þetta komi í raun ekki svo mjög að sök, enda sé það á stefnuskrá Hægri grænna að ráðherrar þeirra séu ekki jafnframt þingmenn.



Sænskir jafnaðarmenn: Flokksfélagar færri og eldri

SVÍPÍÓÐ Félögum í sænska Jafnaðarmannaflokknum hefur fækkað um 8,9 prósent síðan 2009, eða um 9.700 manns. Flokksfélagar voru alls 99.484 um síðustu áramót. Meðalaldurinn er sextíu ár og 47 prósent flokksfélaga eru komin á eftirlaun. Aðeins fjórtán prósent eru yngri en 40 ára, að því er segir í frétt á vef Sænska dagblaðsins.

Í skýrslu nefndar segir að ástæða sé til að hafa áhyggjur af þessari þróun.

Áhrif nýrra laga í Noregi:

Tvöfalt fleiri stunda vændi

NOREGUR Nær 450 konur og karlar stunda vændi í og við Stavanger í Noregi. Það eru rúmlega tvöfalt fleiri en 2009 þegar sett voru ný lög sem banna Norðmönnum að kaupa kynlífsþjónustu í Noregi og utanlands. Aðeins einn Norðmaður hefur verið sektaður fyrir að kaupa kynlífsþjónustu erlendis.

Í frétt á vef Aftenposten segir að lögreglan viðurkenni að hafa ekki sinnt málinu nógu vel. Til standi að bæta úr því. Að sögn lögreglunnar koma margir erlendir vændisseljendur til Karmøy-flugvallar í Haugesund þaðan sem þeir halda til bæja í nágrenninu áður en þeir snúa heim.

Segist finna fyrir létti:

Erla Bolladóttir kærði nauðgun

LÖGREGLUMÁL Erla Bolladóttir, einn sakborninga í Guðmundar- og Geirfinnsmálinum, hefur lagt fram kæru vegna nauðgunar.

Erla hefur greint frá því að henni hafi verið nauðgað af lögreglumanni meðan hún sat í gæsluvarðhaldi í Síðumúlafangelsi vegna málanna og kemur það fram í nýrri skýrslu um þau. „Fram að þessu hafði ég ekki einu sinni hugleitt að kæra af því að þetta var fyrnt,“ sagði Erla við Vísi í gær. Hún segir það mikinn létti að hafa kært, með því vilji hún binda enda á þennan hluta málsins.



ERLA BOLLADÓTTIR

Stefna á Íslandsmet í hundakerruakstri

Benedikt Magnússon ætlar ásamt félögum að setja tuttugu sleðahunda fyrir kerru í Heiðmörk um helgina. Hann segir þá fá mikla ánægju og útrás við dráttinn. Hundarnir munu draga vagna á hjólum en hver og einn vegur um hundrað kíló.

FÓLK „Við ætlum að reyna að setja um tuttugu hunda fyrir framan sleða en það er mesti fjöldi sem hefur verið settur fyrir framan eitthvað apparat hér á landi,“ segir Benedikt Magnússon þjálfari, sem hyggst ásamt fleirum setja Íslandsmet í hundakerruakstri í Heiðmörk næstkomandi laugardag. Hundarnir, sem eru af tegundinni Siberian Husky, eru allir í eigu Benedikts og félaga hans. Benedikt á sjálfur sex hundanna.

Að sögn Benedikts hefur farið mikil vinna í þjálfun hundanna. „Ef þú vilt eiga hunda sem fara einhverjar vegalengdir þarftu náttúrulega að láta þá fara þessar vegalengdir. Þú þarft sem sagt að þjálf mikið.“

Þar sem enginn er snjórinn þessa dagana draga hundarnir vagna á hjólum sem vega um 100 kíló, en vagninn ber einn til tvo menn. „Við stefnum á að láta þá hlaupa um fimm, sex kílómetra en þetta er bara gert upp á gamanið. Við erum komin mjög stutt í þessu sporti hér á landi. Lengsta hlaupið sem hefur farið fram hér á landi er um þrjátíu kílómetrar. Úti í heimi eru þeir kannski að fara þúsund kílómetra en það tekur þá kannski fimm daga.“

Spurður hvort hann sjái fyrir sér auknar vinsældir íþróttarinnar segist hann vona að svo verði en bætir við: „Hinn almenni hundaeigandi er að kaupa sér gæludýr, en þeir sem eiga sleðahunda vilja vinnudýr. Þetta eru tveir ólíkir heimar en þeir geta alveg farið saman. Það hafa verið stofnaðir tveir klúbbar í kringum þetta, Sleðahundaklúbbur Íslands og Draghundasport Íslands, en fjöldi



SLEDAFJÖR Benedikt Magnússon ætlar ásamt fleirum að setja Íslandsmet í hundasleðadragi í Heiðmörk á laugardaginn.

fólks er meðlimir í klúbbum og margir þeirra eiga ekki einu sinni sleðahund. Þannig að það greinilegt að það er fjöldi fólks sem hefur áhuga á þessu.“

Benedikt segir hundana fá mikið út úr því að draga sleða. „Hundunum finnst þetta mjög gaman og þeir alveg bíða eftir því að fá að komast út. Þetta eru vinnudýr og í þessu fá þeir mikla útrás.“

Eins og áður segir mun atburðurinn fara fram í Heiðmörk næstkomandi laugardag klukkan tvö.

hanna@frettabladid.is

„Hinn almenni hundaeigandi er að kaupa sér gæludýr, en þeir sem eiga sleðahunda vilja vinnudýr.“

Benedikt Magnússon þjálfari

Félag hjúkrunarfræðinga:

Formannskjör gallað og ógilt

FÉLAGSMÁL Kjörnefnd Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga hefur ógilt kosningar til formanns félagsins sem fram fóru í síðasta mánuði.

Nefndin telur ekki hægt að útiloka að við talningu hafi atkvæði verið talin með sem greidd voru eftir að atkvæðagreiðslu lauk.

Ólafur G. Skúlason fékk flest atkvæði í kjörinu, einu meira en Vigdís Hallgrímsdóttir, sem kærði framkvæmd kosninganna.

Kjörnefnd FÍH hefur sagt af sér í kjölfarið.

ALMANNAVARNIR

Óvissustigi aflétt

Hlmannavarnir og lögreglustjórnir á Hvolsvelli afléttu í gær óvissustigi við Heklu. Sjö jarðskjálftar urðu dagana 10. til 23. mars en síðan þá hafa ekki verið neinar jarðhræringar á þessum slóðum.

Amnesty gagnrýnir dóm:

Ungur maður dæmdur til að verða lamaður

SÁDI-ARABÍA 24 ára gamall maður hefur verið dæmdur til þess að verða lamaður fyrir neðan mitti nema hann borgi 33 milljónir króna í skadabætur. Maðurinn lamaði vin sinn þegar hann stakk hann í bakið fyrir tíu árum.

Mannréttindasamtökin Amnesty International hafa gagnrýnt dóminn harðlega og segja hann pyntingu. Bresk stjórnvöld hafa skorað á stjórnvöld í Sádi-Arabíu að framfylgja ekki dóminum, enda væri það brot á alþjóðalögum.

Ali al-Khawahir hefur setið í fangelsi í tíu ár fyrir hnífstunguna. Dómurinn er nýjasta dæmið um bókstafstrúartúlkun á íslömskum lögum.

OPNIR STJÓRN MÁLA-FUNDIR Í DAG

ALLIR VELKOMNIR



ÁRNI ÞÓR KATRÍN ARNDÍS SOFFÍA SVANDÍS LÁRUS ÁSTMAR LILJA RAFNEY

Þér er boðið á opinn stjórnmálafund í dag

Árborg, Hótel Selfossi kl. 12 með Svandísi Svavarsdóttur og Arndísi Soffíu Sigurðardóttur.

Borgarbyggð, Landnámssetrinu kl. 12 með Lárusi Ástmar Hannessyni og Árna Þór Sigurðssyni.

Sauðárkróki, Kaffi Krók kl. 12 með Katrínu Jakobsdóttur og Lilju Rafney Magnúsdóttur.

Rjúkandi kaffi og líflegar umræður.

FYRIR FÓLKIÐ Í LANDINU



Metúrkoma í nágrenni Buenos Aires veldur gríðarlegum flóðum:

55 látnir og tuttugu enn saknað

ARGENTÍNA, AP Að minnsta kosti 55 eru látnir og tuttugu er saknað eftir gríðarleg flóð í Buenos Aires, höfuðborg Argentínu, og nágrenni.

Eftir metúrkomu á þriðjudag og miðvikudag, þar sem ofankoma mældist 400 millimetrar, meira en nokkru sinni hefur mælst í heilum aprílmánuði, flæddi vatn yfir höfuðborgina og nágrennabæinn La Plata, en um milljón manna býr á þessu svæði.

Veðurstofa hafði varað við úrkomu en ekkert í líkingu við það sem varð.

Vatnsaginn náði hátt í tveggja metra hæð áður en flóðin tóku að réna í gær og neyðarstarf hófst. Þúsundir manna voru án rafmagns og drykkjarvatns, auk þess sem vinnsla í olíuhreinsistöð stöðvaðist vegna elda sem orsökuðust af flóðinu.

„Við höfum ekkert rafmagn og ekkert vatn. Við höfum ekkert!“ sagði Nelly Corrado, íbúi sem varð illa úti í flóðinu og sakaði yfirvöld um sinnuleysi.

Mauricio Macri, borgarstjóri Buenos Aires, sagði að veðurhamfara sem þessara væri að vænta vegna loftslagsbreytinga og kallaði eftir auknu fjármagni frá stjórnvöldum til að bregðast við þeim.



ALLT Á FLOTI Íbúar í La Plata horfa út um glugga á heimili sínu þar sem vatn flæðir um allt. 55 manns hið minnsta eru látnir eftir gríðarlega úrkomu á þriðjudag og miðvikudag.

PLUS
ÞÆGINDI
& GÆÐI

FULLT VERÐ: 19.950

50%
AFSLÁTTUR

9.995

FRÁBÆR DÚNSÆNG

SAPPHIRE ANDADÚNSÆNG

Gæðasæng fyllt með 750 gr. af mjúkum andadúni, andafiðri og holtrefjum. Andadúnninn gefur sænginni mjúka fyllingu og holtrefjarnar stuðla að því að sængin þornar fyrr eftir þvott. Áklæði úr 100% bómull. Sængin er saumuð í ferninga svo dúnninn heldist jafn yfir alla sængina. Má þvo við 60°C. Taska fylgir með. Sæng: 135 x 200 sm. **19.950** nú **9.995** Kodd: 50 x 70 sm. **6.995**

SCREEN GARDÍNA

FÆST Í MÖRGUM STÆRÐUM

VERÐ ÁÐUR FRÁ: 5.995

4.495

25%
AFSLÁTTUR

PRJÓNAGARN


GALAXY GARN

Fallegt garn með palliettum. Mjúkt og áferðafallegt. Efni: 31% ull, 65% akrýl og 4% payette. Fæst í nokkrum litum.

FULLT VERÐ: 499

399

20%
AFSLÁTTUR



FRÁBÆR TILBOÐ!

STÆRÐ: 90 x 200 sm.
FULLT VERÐ: 49.950

**SPARIÐ
10.000**

YFIRDÝNA
INNIFALIN

39.950

PLUS
ÞÆGINDI
& GÆÐI

STÆRÐ: 90 X 200 SM.

DREAMZONE™



B812440132

PLUS B12 JUBILÆUM DÝNA

Miðlungsstíf dýna með 250 pokagormum pr. m². Innifalið í verði er 4 sm. þykk og góð yfirdýna. Slitsterkt áklæði úr polyester/polypropylene. Grindin er úr sterkri, ofnþurrkaðri furu. Einnig fánleg í stærð: 120 x 200 sm. áður: **69.950** nú: **49.950** Verð án fóta. Fætur verð frá: **5.995** Fætur á mynd: **7.995**

PLASTKASSI

57 LÍTRA PLASTKASSI Á HJÓLUM

Með smelltu loki og á hjólum. Stærð: 59 x 41 x 33 sm.

FULLT VERÐ: 2.995

1.995

33%
AFSLÁTTUR



FERÐATÖSKUR

CRUISE FERÐATÖSKUR

Fást í svörtu og fjólubláu. Töskurnar fást í 3 stærðum.

H: 75 sm. **11.995** **8.995**

H: 64 sm. **12.995** **6.995**

H: 57 sm. **7.995** **4.995**

VERÐ FRÁ:

4.995

**ALLT AÐ
46%**
AFSLÁTTUR



TRAMPÓLÍN

TRAMPÓLÍN

Flott og gott trampólín í garðinn eða á pallinn. Trampólín stærð:

Ø305 x H70 sm. **29.990**

Öryggisnet hæð: 170 sm. **14.990**

Trampólín + öryggisnet **34.990**

Stigi **3.995**

TRAMPÓLÍN + ÖRYGGISNET

22%
AFSLÁTTUR

34.990



**ALLIR
HEILSUKODDAR
20%**
AFSLÁTTUR



**WELLPUR
HEILSUKODDAR**

Frábær heilsukoddalína með sérhönnuðum þrýstijafnandi eiginleika. Koddarnir styðja vel við háls og hnacka og stuðla að þægilegum og góðum nætursvefni. Mjúkt og slitsterkt áklæði úr bómull / polyester sem má þvo við 60°C. Þessi útgáfa af WellPur™ heilsukoddalínunni er afrakstur margra ára þróunar.

VERÐ FRÁ:
1.595

GENGIÐ
04.04.2013

	Bandaríkjadalur	123,29	123,87
	Sterlingspund	185,72	186,62
	Evra	157,81	158,69
	Dönsk króna	21,17	21,294
	Norsk króna	21,173	21,297
	Sænsk króna	18,798	18,908
	Japanskt jen	1,2904	1,298
	SDR	184,28	185,38

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
216,7058

Maður í gæsluvarðhaldi grunaður um hrottalegt ofbeldi gegn unglingsstelpu: LSD neytt upp í 15 ára stúlku

LÖGREGLUMÁL Hæstiréttur staðfesti í gær gæsluvarðhaldsúrskurð yfir manni sem er grunaður að hafa beitt fimmtán ára stúlku ofbeldi, stungið fingri í leggöng hennar og reynt að neyða ofan í hana fíkniefni.

Í úrskurðinum segir að stúlkan og vinur hennar hafi haft samband við lögreglu fyrir rúmri viku og sagt manninn hafa svipt þau frelsi og ráðist á þau.

Stúlkan segir manninn hafa skipað henni að setja pappírsubú undir tunguna, sem hún telur að hafi verið

Á skilorði síðan í nóvember

Manninn var sleppt úr fangelsi á reynslulausn 8. nóvember síðastliðinn þegar hann átti 350 daga eftir óafplánaða af refsingu. Ekki kemur fram í úrskurðinum fyrir hvað hann sat inni eða hversu langan dóm hann fékk.

LSD. Hann hafi síðan tekið í hnakka hennar, sett hnéð á bakið á henni og krafið hana um peninga.

Síðan hafi hann slegið hana, hótad lífláti og reynt að troða ofan í hana MDMA-kristöllum, sem eru virka efnið í e-töflum, sem hún hafi þó frussað út úr sér. Þá hafi hann

klætt hana úr buxum, sagst ætla að leita að peningum á henni og stungið fingri í leggöng hennar.

Stúlkan segir að hann hafi þá hent henni inn í annað herbergi, kastað vog í andlitið á henni, stungið hana í andlit og líkama með penna og hellt yfir hana vökva.

Ný japönsk rannsókn: Hjartakvillar tengjast skalla

HEILSA Mennt sem stríða við hármissi eiga frekar á hættu að fá hjartakvilla en kynbræður þeirra með þykkt háir. Þetta kemur í ljós í rannsókn sem gerð var í Japan.

Mennt með skalla eiga samkvæmt niðurstöðunum að vera um þriðjung líklegri en aðrir til að fá hjarta- eða æðasjúkdóma. Fylgnin er þó sýnu meiri þegar kemur að reykingum og offitu. Því megi hafa meiri áhyggjur af mataræði og lífnaðarháttum en hækandi enni.

Framsókn tekur fylgi frá öllum

Stuðningur við Sjálfstæðisflokkinn hefur helmingast frá því í janúar. Tæp 18 prósent styðja flokkinn nú samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2. Framsóknarflokkurinn er meira en tvöfalt stærri. Stjórnarflokkarnir eru með samanlagt 15 prósent fylgi.

2013

Framsóknarflokkurinn tekur fylgi af öllum hinum gömlu stjórnmálaflokkunum, samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2 sem gerð var í gær og fyrradag. Flokkurinn er í stórsókn og myndu tveir af hverjum fimm kjósendum, 40 prósent, styðja hann samkvæmt könnuninni.

Fylgi Sjálfstæðisflokksins hefur beðið afhroð og helmingast frá því í janúar. Um 17,8 prósent styðja flokkinn nú, samanborið við nærri 38 prósent þá.

Sveiflurnar á fylgi flokkanna mælast mun meiri í könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2 en í síðustu könnunum annarra könnunarfyrtækja. Möguleg skýring á þeim mun gæti verið að kannanir Capacent og MMR eru gerðar á mun lengri tíma en könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2. Þær mæla því fylgið á ákveðnu tímabili meðan könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2 mælir stöðuna í gær og fyrradag.


Samfylkingin og Vinstri græn tapa bæði fylgi. Samfylkingin er komin undir tíu prósent og hefur stuðningur við flokkinn helmingast frá könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2 um miðjan janúar.

Vinstri græn mælast nú með stuðning 5,6 prósent, hættulega nærri fimm prósentu markinu sem flokkar þurfa að ná til að koma mönnum á þing.


Þjórt framtíð og Píratar eru einu nýju framboðin sem myndu ná mönnum á þing yrðu niðurstöður kosninga í takt við könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2.

Þjórt framtíð tapar fylgi frá síðustu könnun og mælist nú með stuðning 8,3 prósent. Þá fengi flokkurinn samkvæmt könnuninni fimm þingmenn.

FYLGI FLOKKANNA



SKIPTING ÞINGSÆTA



Píratar virðast á góðri siglingu og mælast nú með 5,6 prósentu fylgi. Það myndi skila flokknum fjórum þingmönnum yrðu þetta niðurstöður kosninga. Önnur ný framboð mælast með fylgi undir fimm prósentum og ná ekki mönnum á þing miðað við þá niðurstöðu.

brjann@frettabladid.is

STAÐA BJARNA BENEDIKTSSONAR ORÐIN AFAR VEIK

Niðurstöður könnunarinnar sýna áframhald á þeirri sveiflu sem síðustu kannanir hafa sýnt og endurspeglja væntanlega líka að einhverju leyti frammistöðu forystumanna flokkanna í umræðuþætti Sjónvarpsins, segir Gunnar Helgi Kristinsson, stjórnmálafræðiprófessor við Háskóla Íslands.

Hann segist þó vilja biðja eftir annarri könnun sem sýni viðlíka tölur og könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2. Það sé eðli allra kannana að úrtök geti í einstaka tilvikum fyrir hreina tilviljun verið skökk þrátt fyrir að aðferðafræðin sé í góðu lagi. „Ég segi þetta bara af því að þetta eru svo ótrúlegar niðurstöður,“ segir Gunnar Helgi.

„Könnunin sýnir að Framsóknarflokkurinn er í stórsókn og Sjálfstæðisflokkurinn í svo mikilli kreppu að ég hef aldrei séð annað eins,“ segir Gunnar Helgi. „Stjórnarflokkarnir eru í vörn eins og áður, en þessi þróun öll gengur lengra en maður getur trúað.“

Gunnar Helgi segir Bjarna Benediktsson, formann Sjálfstæðisflokksins, ekki verða langlífan í embætti verði niðurstöður kosninga í takt við þessa niðurstöðu. Hann efast þó um að Bjarni stígi til hliðar fyrir kosningar. „Það væru of mikil panikviðbrögð.“

Hann bendir einnig á að staðan sé ekki endilega Bjarna að kenna. Hann sé í þröngri stöðu í margskiptum flokki, eins og landsfundur flokksins hafi afhjúpað svo rækilega. Bjarna hafi mistekist að móta söluhæfa ímynd í mörgum málum.



GUNNAR HELGI KRISTINSSON

→ Aðferðafræðin

Úrtakið í könnuninni var 1.231 manns en hringt var þar til náðist í 800 samkvæmt lagskiptu úrtaki miðvikudaginn 3. apríl og fimmtudaginn 4. apríl. Þátttakendur voru valdir með slembiúrtaki úr Þjóðskrá. Svarendur skiptust jafnt eftir kyni og hlutfallslega eftir búsetu og aldri. Spurt var: Hvaða lista myndir þú kjósa ef gengið yrði til þingkosninga í dag? Ef ekki fékkst svar var spurt: Hvaða flokk er líklegast að þú myndir kjósa? Ef ekki fékkst svar var að lokum spurt: Er líklegra að þú myndir kjósa Sjálfstæðisflokkinn eða einhvern annan flokk? Alls tók 64,1 prósent þátttakenda í könnuninni afstöðu til spurningarinnar.

SIGURNÁMSKEIÐ

Námskeið í að taka réttar ákvarðanir í lífinu og að yfir-stíga slæmar venjur. Margir berjast við ýmsa leiða ávana, m.a. reiði, vöntun á fyrirgefningu, notkun vímugjafa, neikvæðan hugsanagang o.s.frv. Hvernig þróast hegðun yfir í ávana, hvað liggur að baki slæmra ávana og hvernig er hægt að sigrast á þeim?

FYRIRLESARAR:

Chad og Fadia Kreuzer

DAGSETNING:

8., 9. og 10. apríl kl. 20:00
15., 16. og 17. apríl kl. 20:00


STAÐSETNING:

Rauði salur Verzlunarskóla Íslands (vesturinnangangur). Íslensk þýðing í boði.

Nánari upplýsingar hjá Vigdís Lindu Jack í s: 867-1640 eða á vigdislinda@hotmail.com

Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi



SVALT EN YFIRLEITT GOTT Það fer heldur kólnandi á landinu næstu daga einkum um norðan- og austanvert landið. Vindur verður fremur hægur og yfirleitt úrkomulítið.

Alicante 19°	Billund 5°	Gautaborg 5°	London 6°	Orlando 24°	San Francisco 16°
Basel 9°	Frankfurt 8°	Kaupmannahöfn 5°	Mallorca 18°	Ósló 2°	Stokkhólmur 4°
Berlín 4°	Friedrichshafen 12°	Las Palmas 23°	New York 13°	París 9°	

Elísabet Margeirsdóttir veðurfréttamaður



Í sannleika sagt um kjúklinga- og svínakjöt

Vegna misvísandi og oft rangra fullyrðinga um búgreinarnar að undanfögnu vilja kjúklinga- og svínabændur áréttta eftirfarandi:

- Ætla má að búgreinarnar tvær, kjúklinga- og svínarækt, skapi um 1.500 störf víða á landsbyggðinni, afleidd störf meðtalin. Búgreinarnar eru því mikilvægar fyrir íslenskt atvinnu- og efnahagslíf.
- Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofunni er innlent svína- og kjúklingakjöt meðal þeirra vörflokka sem minnst hafa hækkað í verði á síðustu árum. Þannig hafa íslenskir kjúklinga- og svínabændur haldið aftur af hækkun bæði á neyslu- og lánskjaravísitölu.
- Þessar búgreinar þiggja engar greiðslur frá hinu opinbera.
- Verulega hefur dregið úr tollavernd á liðnum árum og innflutningur á kjúklinga- og svínakjöti hefur farið vaxandi.
- Frá árinu 2007 hefur verið flutt til landsins svína- og kjúklingakjöt án þess að tryggj sé að aðstæður við framleiðsluna séu samkæmt þeim kröfum sem gerðar eru hér á landi.
- Við framleiðslu á íslensku kjúklinga- og svínakjöti er notast við fyrsta flokks korn, íslenskt vatn og endurnýtanlega orku.
- Stór hluti svínafóðurs er innlendur. Mjög hátt hlutfall, allt að 75% fóðursins, er íslenskt korn rækað í sveitum landsins. Búgreinin stuðlar því bæði að uppgræðslu lands og gjaldeyrissparnaði.
- Heilbrigði íslensku kjúklinga- og svínastofnanna er betra en í nágrannalöndunum og lyfjanotkun við eldi dýranna hólendis er mun minni en þekkist erlendis.
- Fagmennska í ræktunarmálum og heilbrigðir bústofnar kjúklinga og svína tryggja neytendum heilnæmar íslenskar landbúnaðarafurðir á samkeppnishæfu verði.
- Sala á íslensku kjúklinga- og svínakjöti hefur aukist til muna á síðustu árum.

Kjúklinga- og svínabændur þakka íslenskum neytendum traustið og munu hér eftir sem hingað til leitast við að bjóða þeim úrvals kjöt á samkeppnishæfu verði.



VEISTU SVARID?



1. Hversu mörg stafabil mega nöfn vera samkvæmt Þjóðskrá?
2. Hversu miklum hagnaði skilaði ÁTVR í fyrra?
3. Með hversu mörgum mörkum vann íslenska landsliðið í handbolta lið Slóvena á miðvikudag?

SVÖR:

1. 31 2. 1,3 milljörðum króna 3. Einu marki

Talskona Símans segir fá símtæki og tölvur styðja fjórðu kynslóðar farsímaþjónustu enn sem komið er:

Nova ríður á vaðið með 4G-þjónustu

FJARSKIPTI Nova hóf í gær, á fjórða degi fjórða mánaðar ársins, að bjóða upp á svokallaða 4G-netþjónustu, fyrst fjarskiptaþjónustukjarna.

Þetta gerist daginn eftir að Nova fékk formlega úthlutað rekstrarleyfi fyrir 4G-þjónustuna, þráðlausa háhraða nettengingu sem styður yfir 100 megabæta hraða á sekúndu.

Liv Bergþórsdóttir, forstjóri Nova, segir þjónustuna á sama verði og 3G-þjónustan hefur verið hingað til. „Við erum mjög stolt af

því að geta boðið upp á þetta svona snemma,“ segir Liv.

Þrjú önnur fyrirtæki fengu úthlutað leyfi til rekstrar 4G-kerfis, Vodafone, Síminn og 365.

Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir, upplýsingafulltrúi Símans, segir að þar verði slíkt kerfi tekið í gagnnið þegar líði á árið. „Auk þess verður hraðinn um 3G-kerfið tvífoldur strax í sumar. Það þýðir að hann nær 42 Mb/s og því svipaður 4G-hraðanum. Ástæða þess að við hjá Símanum eflum

3G áfram þrátt fyrir tilkomu 4G-tækninnar er að enn sem komið er styðja fá símtæki og tölvur 4G-tæknina,“ segir hún.

Hrannar Pétursson, talsmaður Vodafone, segir að þar sé stefnt að því að fara af stað með 4G í sumar.

„Það liggur ekki fyrir tíma- setning á 4G-þjónustunni okkar – sú uppbygging hefur ekki farið fram,“ segir Ari Edwald, forstjóri 365. „Sú þjónusta sem við komum með fljótlega mun byggja á þeim dreifikerfum sem fyrir eru.“ -sh



ÁNÆGD Liv Bergþórsdóttir er ánægð með að vera búin að hleypa þjónustunni af stokkunum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Verslunarmannafélag
Suðurnesja

AÐALFUNDUR

Verslunarmannafélags Suðurnesja
verður haldinn að Vatnsnesvegi 14, Reykjanesbæ,
þriðjudaginn 9. apríl nk. kl. 20:00

DAGSKRÁ

Venjuleg aðalfundarstörf skv. lögum félagsins

Stjórn Verslunarmannafélags Suðurnesja

Norður-Kórea bætir í kjarnorkuhótanir

Eftir yfirlýsingar yfirvalda í Norður-Kóreu síðustu vikur eykst spennan á Kóreuskaga sífellt. Stjórnvöld í Pjongjang hafa áður beitt svipuðum meðlum til að fá fjárhagsaðstoð og annað. Flest bendir til þess að hið sama sé uppi á teningnum nú.

FRÉTTASKÝRING

Er stríð yfirvofandi á Kóreuskaga?

KÓREA Spenna á Kóreuskaga hefur stigmagnast síðustu daga og vikur eftir yfirlýsingar frá Norður-Kóreu. Óvíst er þó hvort stríðsátök muni hefjast að nýju á Kóreuskaga, en Kim Jong-Un, hinn ungi einræðisherra Norður-Kóreu, hefur hóttað því að beita hervaldi gegn Suður-Kóreu og Bandaríkjunum. Síðasta útspilið hjá stjórnvöldum í Pjongjang var að flytja meðaldrægar eldflaugar að austurströnd landsins þar sem Japan og Suður-Kórea eru innan færirs.

Þar áður hafði Norður-Kórea meðal annars lokað tímabundið á aðgang suður-kóreskra starfsmanna að sameiginlegu iðnaðarsvæði ríkjanna í Kaesong og á þriðjudag boðuðu stjórnvöld í Pjongjang að kjarnorkuverinu í Yongbyon, sem var lokað í fyrra, yrði tekið aftur í notkun á næstu mánuðum.

Þessi aukna átakafýsni Kims er að mestu rakin til refsiaðgerða vegna kjarnorkutilrauna Norður-Kóreu og heræfinga Bandaríkja-anna með Suður-Kóreu um þessar mundir. Auk þess hafa tilraunir með ný vopn tekist ágætlega að síðustu og þá telja margir að Kim Jong-Un sé með þessu að festa sig í sessi sem sterkur leiðtoga.

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem stjórnvöld í Pjongjang láta blika á sverð sín. Kim Jong-Il, faðir núverandi foringja, stundaði það reglulega að láta mikinn, til að knýja fram alþjóðlega fjárhagsaðstoð og losna undan viðskiptaþvingunum.


Flestir eru á því að um svipað upphlaup sé að ræða að þessu sinni, enda bendir flest til þess að

Langdrægar eldflaugar Norður-Kóreu

- 12. febrúar 2013: Norður-Kórea sprengir kjarnorkusprengju í tilraunaskyni í þriðja sinn.
- 12. desember 2013: Norður-Kórea skýtur þriggja þrepa eldflaug á loft frá geimferðar- miðstöðinni Sohae. Unha-3 eldflaugin kemur veðurgerðinni á braut um jörðu. Verður til þess að hert er á refsiaðgerðum.
- Apríl 2012: Unha-3 eldflaug springur nokkrum mínútum eftir að henni var skotið á loft.
- 2010: Suður-kóreskt herskip sekkur. Norður-Kórea kennt um. Norður-Kórea gerir stórskotaárás á suður-kóresku eyjuna Yeongpyeong.
- Maí-apríl 2009: Norður-Kórea framkvæmir aðra kjarnorkutilraunasprengingu og skýtur upp tveggja þrepa eldflaug sem hrapar í sjóinn.
- Október 2006: Norður-Kórea gerir sína fyrstu tilraunasprengingu með kjarnavopn.

Unha-3: Þriggja þrepa eldflaug sem er knúin af hydrasíni og saltþétturssýru

Heimildir: Federation of American Scientists, Union of Concerned Scientists © GRAPHIC NEWS



þrátt fyrir að nýjustu eldflaugar Norður-Kóreu dragi um mestalla Suðaustur-Asíu hafi herinn ekki tæknilega burði til að skjóta kjarorkueldflaugum um langa vegalengd. Bandaríkjamenn hafa þó eflt eldflaugavarnir á stöðvum sínum í Kyrrahafi og undan ströndum Kóreu. Nágrannar þeirra í suðri og Japanar eru hins vegar í meiri hættu ef til árásar kæmi og mannfali gæti orðið mikið.

Kim Kwan-jin, varnarmálaráðherra Suður-Kóreu, sagði hins vegar að fátt benti til þess, sem stendur, að Norðanmenn hygðu á

hernað. Þá hafði Guardian eftir Shin Jong-dae, prófessor frá Seúl og sérfræðingi í málefnum Norður Kóreu að yfirlýsingarnar að þessu sinni væru af sama meidi og áður. „Það er enn afar ólíklegt að stríð brjótist út, þó að ef til vill gæti komið til minniháttar átaka. En stjórnvöld í Norður-Kóreu vilja umfram allt forðast það að missa stjórn á ástandinu.“

Mesta hættan að þessu sinni er talin sú að yfirlýsingar og reynsluleysi Kim Jong-Un verði til þess að deilurnar gangi svo langt að ekki verði aftur snúið og stríð brjótist út. thorgils@frettabladid.is

allt að 35% afsláttur af árgerð 2012

Tilboð 49.995 kr.
Verð áður 75.995 kr.

Wheeler Pro 60
21 gira • álstell • dömu og herra

EVEREST

FERÐA- OG ÚTIVISTARVERSLUN
Skeifunni 6 • Sími 533 4450 • www.everest.is
PERSÓNULEG ÞJÓNUSTA. FAGLEG RÁÐGJÖF

WHEELER WORLDWIDE

VIÐGERÐAR OG VARAHLUTAÞJÓNUSTA

HAFBERG
fiskbúð sælkerans

LÍNUÝSA FISKIBOLLUR PLOKKFISKUR FISKRETTIR

Heitur matur í hádeginu
Opið laugardaga kl. 11-14

Gnoðarvogi 44 • Sími 588 8686

Innanríkisráðherra tók fyrstu skóflustungu að fangelsi á Hólmsheiði:

Nýtt fangelsi í notkun árið 2015

FANGELSISMÁL Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra tók fyrstu skóflustunguna að byggingu fangelsis á Hólmsheiði í gær. Ráðherra sagði í ávarpi að þar væri um að ræða nýjan kafla í fangelsissögu landsins.

Jarðvegsframkvæmdir hefjast í næstu viku, að því er fram kemur í tilkynningu, en útboð vegna byggingarinnar sjálfur fer fram í vor.

Stefnt er að því að taka nýtt fangelsi í notkun árið 2015, en þar verða 56 fangarými, sérstök deild fyrir kvenfanga og aðstaða fyrir afplánun skemmrí fangelsisrefsinga og vararefsinga. Nýja fangelsið leysir af hólmi Hegningarhúsið við Skólavörðustíg og fangelsið í Kópavogi. Einnig verður gæsluvarðhaldsdeild í fangelsinu á Litla-Hrauni lögð niður og nýtt fyrir afplánun.



FYRSTA SKÓFLAN Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra tók fyrstu skóflustunguna að fangelsi á Hólmsheiði í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Tvennutilboð

2x 16"

m. 2 áleggjum
ostabrauðstangir
2l. Coke

3290

kr.



581 15 15 wilsons.is



Ánanaustum

Gnodavogi 44

Eddufelli 6

Vesturlandsvegi

Brekkuhúsum 1

HÆTTA Á GRÓÐURELDUM ÓGNAR SUMARHÚSABYGGÐUM

Slökkviliðin ráða ekki við gróðurelda

Engar viðbragðsáætlanir eru til fyrir sumarhúabyggðir á Íslandi nema í Skorradal. Stjórnsýslan þarf að taka hættu á gróðureldum fastari tókum, segir skógarbóndi.

Birgir Þór
Harðarson

birgirh@frettabladid.is



Slökkvilið á landsbyggðinni eru ekki skipulögð með baráttu við gróðurelda í huga og er það áhyggjuefni, segir Björn Karlsson, forstjóri Mannvirkjastofnunar. Hann hefur áhyggjur af tíðari gróðureldum og stækkandi umfangi þeirra.

„Við höfum áhyggjur af þessu því loftlagsbreytingar og gróðurfarsbreytingar hafa orðið,“ segir Björn. Hann bendir jafnframt á að breytingar hafi orðið á því hvernig bændur beita skepnum á gróðurlendi. Birkiskógur í sumarhúabyggðum hafa farið stækkandi og sína verður meiri.

„Breytingarnar hafa orðið til þess að miklu meiri líkur eru á því að svona eldsvoðar verði og að þeir verði stórir,“ segir Björn. Hann bætir við að í ofanálag verði að hafa í huga þetta sumarhúabyggð, þar sem gróður nær oft alveg upp að húsunum.

„Það vekur þó sérstaklega áhyggjur að þessi verkefni eru ekki það sem slökkvilið sveitarfélaganna voru hönnuð í kringum,“ bætir Björn við. Verkefnin

→ 67 ferkílómetrar brunnu á þremur dögum

Að morgni 30. mars 2006 kviknaði eldur í sínu í Hraunhreppi í Borgarfirði. Eldurinn barst með með ógnarhraða um sveitina. Eftir að eldarnir höfðu logað í þrjá daga sagði Fréttablaðið frá því á forsíðu að um væri að ræða „mestu sinuelda Íslandssögunnar“.

„Ég verð að segja eins og er að umfang þess eldsvoða kom okkur mjög á óvart,“ segir Björn Karlsson nú.

eru mannfrek því hafa þarf tugi manna á vöktum við að klappa eldinn. Slökkvilið sveitarfélaga eru oft aðeins skipuð fámennum sveitum. Gróðureldar verða því fljótt að almannavarnarástandi þar sem viðbragðsáætlanir taka yfir staðbundið verkskipulag.


Eftir Mýraelda árið 2006 hóf Mannvirkjastofnun menntunaráttak til þess að búa viðbragðsaðila undir gróðurelda. „Okkur brá við Mýraeldana,“ segir Björn.

Hugað að sértækum áætlunum

Hvergi eru til sértækar viðbragðsáætlanir fyrir sumarhúabyggðir annars staðar en í Skorradal en Björn telur það aðeins til bóta að slíkar áætlanir séu unnar fyrir þétt sumarhúasvæði.

„Þó almenna viðbragðsáætlunin dugi ansi langt geta menn lært mjög mikið á því að fara í gegnum vinnu við sértækar áætlanir,“ segir Björn.

ÞÉTTLEIKI SUMARHÚSABYGGÐA



Það vekur þó sérstaklega áhyggjur að þessi verkefni eru ekki það sem slökkvilið sveitarfélaganna voru hönnuð í kringum.

Björn Karlsson,
forstjóri Mannvirkjastofnunar

→ Hef verið hrædd við gróðurelda í 15 ár

Undir áhyggjur Björns tekur Hulda Guðmundsdóttir, skógarbóndi í Skorradal, sem komið hefur að gerð áætlunar vegna gróðurelda þar. „Samfélagið hefur verið of sofandi fyrir þessu. Það þurfti að hafa talsvert fyrir áætluninni í Skorradal,“ segir Hulda. Hún segir stjórnsýsluna ekki hafa kveikt á perunni varðandi gróðureldhættu. „Við sem skógarbændur erum komin svoltíð langt en þar erum við ekki að fást við mannslíf eða fasteignir.“

Hún segir það nauðsynlegt að til séu sértækar viðbragðsáætlanir fyrir sumarhúas-

byggðir. „Sveitarfélögin þurfa að vakna. Þau þurfa að átta sig á því að efla þarf rýmingaráætlanir og sjá til þess að slökkviliðin séu tækjum bún til þess að sinna þessu.“

Hulda segir jafnframt óvíst með flóttaleiðir og færri stórra og þungra bíla inn á frístundahverfin. „Þar eru langir botnlangar og engar aðrar leiðir út úr hverfunum. Er rými fyrir stóra bíla að athafna sig? Hvert er burðarþolið?“ Spurð hvort hún hafi verið skelkuð um páskahelgina þegar sinueldur braust út segir Hulda: „Ég hef verið hrædd í 15 ár.“



HULDA GUÐ-
MUNDSDÓTTIR

RÚMGÓÐUR, SPARNEYTINN ...OG 7 MANNA



RÍKULEGUR STAÐALBÚNAÐUR

Sæti fyrir sjö • 16" álfelgur • Tölvustýrð miðstöð með loftkælingu • Fjarlægðarvari að framan og aftan Bluetooth handfrjáls simabúnaður • Aðfallanlegir rafmagnsspeglar • Aðgerðahappar í stýri Hraðastillir (Cruise control) • Hiti í framsætum • iPod og Aux-tengi • Regnskynjari • LED ljósabúnaður

RENAULT GRAND SCENIC DÍSL, SJÁLFSKIPTUR

EYÐSLA 4,7 L/100 KM
VERÐ 4.790.000 KR.



BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

Bílahúsið
Reykjanesbæ
www.bilahusid.is
421 8808

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

netto

Kræsingar & kostakjör

LAMBAHRYGGUR LANGSKORINN

VERÐSPRENGJA!

1.299

ÁÐUR 1.882 KR/KG

UNGNAUTAHAKK

999

ÁÐUR 1.469 KR/KG



COOP TACO SKELJAR

239

ÁÐUR 299 KR/STK



COOP TACO KRYDD

111

ÁÐUR 139 KR/STK



COOP TACO VÖRUR Í ÚRVALI



COOP TACO SÓSUR MILD - MEDIUM - HOT 230G

183

ÁÐUR 239 KR/STK

RAUÐSPRETTA

699

ÁÐUR 998 KR/KG



STÓRLÚÐA FROSIN

2.579

ÁÐUR 2.898 KR/KG



COOP HVÍTLAUKSBRAUÐ 2STK 350G

239

ÁÐUR 299 KR/STK



COOP GRÆNMETISBLANDA SYMPHONI 750G

299

ÁÐUR 398 KR/KG



GRILLBORGARI 80G X4 MEÐ BRAUÐI

698

ÁÐUR 895 KR/PK



50% AFSLÁTTUR

GULRÓTABRAUÐ BAKE OFF

299

ÁÐUR 598 KR/STK



Tilboðin gilda 4. apríl - 7. apríl

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

KYNNTU ÞÉR NÝJAN SPARNEYTINN OPEL

Sölumenn okkar eru í tilboðsstuði!



Verð frá*:

2.890.000 kr.

Opel Corsa 1.2 bensín^{***} Einnig fánlegur ssk.

5,1 l

/100 km^{***}



Verð frá*:

3.690.000 kr.

Opel Astra 1.4 bensín^{***} Einnig fánlegur ssk.

5,5 l

/100 km^{***}



Verð frá*:

5.190.000 kr.

Opel Zafira Tourer 2.0L dísil^{***} Einnig fánlegur ssk.

4,5 l

/100 km^{***}

Komdu í heimsókn í nýjan sýningarsal okkar að Ármúla 17



Wir leben Autos.

Opel | Ármúli 17 | 108 Reykjavík | 525 8000



*Verðdæmi miðast við bíla sem til eru á lager. Aukabúnaður bíla á mynd getur verið frábrugðinn þeim sem eru á tilboði. **Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri er samkvæmt stöðlum frá framleiðanda. ***Aukabúnaður á mynd, áfölgur.

Franskur fræðimaður um breytingar á virkni Evrópusambandsins:

Staða smærri ríkja gæti versnað

EVROPUMÁL Breytilegur samruni, þar sem einstök aðildarríki ESB taka sig saman um nánara samstarf um vissa málaflokka, verður sennilega meira áberandi á næstu árum, en smærri ríki sambandsins munu líklega reyna að standa gegn þeirri þróun. Þetta kom fram í máli Vivien Pertusot, forstöðumanns frönsku Ífri-hugveitunnar í Brussel, á fundi Alþjóðamálastofnunar HÍ í gær.

Pertusot sagði að breytilegur samruni hefði einkennt starf

ESB síðustu ár, meðal annars með Schengen og myntsamstarfinu, þar sem sum ríki hafa ákveðið að standa utan við. Staðreyndin sé sú að ljóst liggi fyrir að ESB henti ekki öllum ríkjum á sama hátt. Þessi þróun, segir Pertusot, gengur vissulega gegn grundvallarhugmynd ESB



VIVIEN PERTUSOT

um sífellt nánara samband, en um leið sé hægt að nota þessa aðferð, að sum ríki taki sig saman um eitt mál, til að hvetja önnur til að taka þátt síðar, til að skerpa enn á samruninum þó hægt fari. Pertusot segir í samtali við Fréttablaðið að vissulega sé hætt á að smærri ríki endi utangarðs í stærri ákvörðunum.

„Það er einmitt það sem smærri ríkin vilja forðast. Þau hafa enda staðið gegn því að Frakkland og Þýskaland myndi ákveða kjarna innan ESB.“



ÍBÚÐARHÚSNÆÐI Tillögur ASÍ um að taka upp húsnæðiskerfi að fyrirmynd þess danska hafa fengið ágætan hljómgrunn hjá stjórnmalaflokkunum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Flokkarnir vilja skoða „danskt“ húsnæðiskerfi

Samstaða virðist vera að myndast um að líta til Norðurlandanna sem fyrirmýnda við uppbyggingu á nýju húsnæðislánakerfi. Flestir flokkar vilja skoða danska kerfið.

HÚSNÆÐISMÁL Framtíð húsnæðislána á Íslandi var til umræðu á ráðstefnu sem Alþýðusamband Íslands (ASÍ), Íbúðalánasjóður (ÍLS) og Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) stóðu fyrir á Hilton Nordica í gær.

Á ráðstefnunni kynnti Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, hugmyndir sem sambandið hefur sett fram um að taka upp húsnæðislánakerfi að danskri fyrirmýnd. Þá flutti Karsten Beltoft, framkvæmdastjóri Realkreditforeningen í Danmörku,

erindi um danska kerfið og mælti með því.

Sigurður Erlingsson, framkvæmdastjóri ÍLS, sagði ekki nóg að innleiða nýtt kerfi heldur þyrfti að auka aga í húsnæðismálum. Hann tók þó fram að í framtíðarsýn ÍLS væri litið til norrænna fyrirmýnda.

Þá kynnti Yngvi Örn Kristinsson, hagfræðingur SFF, sjónarmið samtakanna á fundinum. Yngvi kynnti hugmyndir að reglum um veitingu húsnæðislána en slík starfsemi

hafði að hans mati reynt áhættusamari en talið var fyrir alþjóðlegu fjármálakreppuna. Þá sagði hann vert að skoða danska húsnæðislánakerfið sem og það þýska.

Loks fjallaði Ásgeir Jónsson, lektor í hagfræði, um vandamál og valkosti á fasteignalánamarkaði. Benti hann sérstaklega á svokölluð „aðeins-vaxta“-lán sem valkost um beri að skoða nánar. Þau væru líklega heppilegri en Íslandslánin, löng, verðtryggð jafngreiðslulán.

magnus@frettabladid.is

Stöðugleikinn skiptir máli ekki síður en lánaþyrirkomulag

„Á Íslandi hefur óbærileg áhætta fylgt húsnæðis kaupum áratugum saman og það hefur verið viss passi fyrir hverja kynslóð að missa húsnæði sitt. Þessu ástandi verður að linna. Það verður að taka áhættuna út úr þessu kerfi og skapa eins mikið öryggi og mögulegt er í landi sem býr við gríðarlega sveiflukennan gjaldmiðil og háa vexti. Leiðin til þess er örugglega best farin í gegnum þetta danska kerfi.“

Árni Páll Arnason, formaður Samfylkingarinnar

„Ég er mjög hlynntur því að vinna áfram með þessar hugmyndir ASÍ vegna þess að mér finnst markmiðið vera mjög góft. Markmiðið er það að endurskipuleggja húsnæðislánamarkaðinn þannig að íslenskum lántökum standi til boða óverðtryggt lán með föstum vöxtum til mun lengri tíma en við höfum séð fram til þessa dags. Það er mjög aðlaðandi hugmynd. [...] En þó að ég styðji þessar hugmyndir þá held ég að það sé ekki hægt að ræða um þessa hluti án þess að við byrjum á sama tíma að leggja grunn að nýju stöðugleikatímabili.“

Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins

„Það þýðir ekki að segjast vilja gera eitt og haga sér svo með öðrum hætti. Það höfum við gert í húsnæðis- og efnahagsmálum. [...] Íbúar hér eiga fullan rétt á að búa við sambærileg kjör og annars staðar en það gerist ekki því við erum ekki að bjóða upp á nægjanlegan stöðugleika. [...] Heilt yfir er ég sammála þeim hugmyndum sem hafa komið frá ASÍ varðandi breytingar á húsnæðiskerfinu. Ég vil sjá það gerast í þessa átt en ég vil að við gerum það að umræðuefninu hér hvað þarf til þess.“

Björn Valur Gíslason, varaformaður Vinstri grænna

„Í niðurstöðum meirihluta verðtryggingarnefndarinnar sem skilaði af sér til Arna Páls Arnasonar þegar hann sat í ráðuneytinu lagði meirihlutinn einmitt til að það yrði tekið upp þess háttar kerfi og við höfum síðan fylgt því eftir innan Framsóknarflokksins. [...] Lagauhverfið í Danmörku er mjög áhugavert og það er ein af ástæðunum fyrir því að ég hef kallað mjög mikið eftir því að það verði sett sérstök fasteignalánalöggjöf.“

Eygló Harðardóttir, þingmaður og ritari Framsóknarflokksins

„Mér líður eins og við séum mikið föst á Nordica að ræða næstbestu leiðina. Mér líður eins og einhvers staðar hæfti verði ákveðið að við ætlum að hafa krónu og svo erum við föst hér í ráðstefnusölum að ræða hvað við eigum að gera í því. [...] Verðtrygging sem lánaþyrirkomulag er [...] deyfilyf, uppgjöf í viðureigninni við stöðugleikavandann [...]. Við þurfum að búa til stöðugt efnahagssumhverfi [...]. Við höfum komist að þeirri niðurstöðu að við verðum að taka upp nýjan gjaldmiðil og klára viðræðurnar við ESB, auka verðmæti útflutnings, bæta nýtingu opinberra fjármuna og auka aga.“

Guðmundur Steingrímsson, formaður Bjartrar framtíðar

LANDIÐ



Enginn vill stækka laugina í Ólafsvík

1 Engin tilboð bárust í framkvæmdir við stækkun sundlaugarinnar á Ólafsvík. Þetta kemur fram í bæjarblaðinu Jökli, en þar segir að verkið hafi verið auglýst í febrúar. Áætlanir geri ráð fyrir því að framkvæmdirnar muni kosta á annað hundrad milljónir. Haft er eftir Smára Björnssyni, forstöðumanni tæknideildar hjá Snæfellsbæ, að óvíst sé með næstu skref, en málin muni líklega skýrast á næstu dögum.



Jákvæð afkoma hjá Fjarðabyggð

2 Rekstrarniðurstaða ársins hjá samstæðu A- og B-hluta sveitarfélagsins Fjarðarbyggðar var jákvæð um 444 milljónir króna á síðasta ári og rekstrarniðurstaða A-hluta var jákvæð um níu milljónir. Þetta kemur fram í ársreikningi sveitarfélagsins sem var tekinn til fyrri umræðu í bæjarstjórn í gær. Rekstrartekjur samstæðunnar jukust um rúm sex prósent frá árinu 2011 og rekstrargjöld hækkuðu um 2,5 prósent. Skuldir samstæðunnar lækkuðu um 275 milljónir milli ára.

Allir krakkar fá sumarvinnu

3 Hafnarfjarðarbær tryggir öllum unglingum á aldrinum fjórtán til sautján ára starf hjá Vinnuskólanum í sumar. Gert er ráð fyrir því að um 900 krakkar á því aldursbili verði ráðnir, en opnað verður fyrir umsóknir um næstu mánaðamót. Þegar hefur verið opnað fyrir umsóknir sautján ára og eldri. Þar er meðal annars um að ræða störf fyrir flokksstjóra í Vinnuskólanum, leiðbeinendur og aðstoðarleiðbeinendur á leikjanámskeiðum og á gæsluvöllum og störf hjá garðyrkjustjóra.

VÍS á aðallista Kauphallar: Bjóða út 60-70 prósent hlut

VIÐSKIPTI Hlutfé Vátryggingafélags Íslands hf. (VÍS) er verðlagt á 17 til 20 milljarða króna í almennu útboði sem stendur 12. til 16. apríl.

Klakki ehf. selur 60 til 70 prósent hlutabréfa í VÍS í útboðinu, en umsjón með því hefur fyrir-tækja-ráðgjöf fjárfestingarbanka-

sviðs Arion banka. Stjórn VÍS hefur óskað eftir því að hlutabréf félagsins verði tekin til viðskipta á Aðallista Kauphallar Íslands í kjölfar útboðsins. „Stefnt er að því að útboðið marki grunninn að dreifðu eignarhaldi á VÍS,“ segir í tilkynningu Arion banka.

- óká



TAJ MAHAL Ferðamannastraumurinn til Indlands hefur dregist mjög saman.

Ofbeldi ógnar ferðaiðnaði: Færri kjósa að ferðast til Indlands

INDLAND, AP Fréttaflutningur af ofbeldi gagnvart konum á Indlandi ógnar ferðamannaíðnaði þar í landi, sem árlega veltir tæpum 2.200 milljörðum íslenskra króna.

Ferðamönnum hefur fækkað um fjórðung síðan í desember en þá lést ung kona eftir að henni var nauðgað af hópi karlmanna í Nýju-Delí. Þá hefur konum sem ferðast til landsins fækkað um 35%. Rannsóknin, sem náði til 1.200 ferðaskrifstofa á Indlandi, sýndi að ferðamenn breyttu frekar áætlunum sínum og ferðuðust til landa sem þeir töldu vera öruggari, líkt og til Taílands, Víetnams og Filippseyja.

- mi

SÖFNUN

Safna fyrir börnin

Söfnunarátak ABC barnahjálpar „Börn hjálpa börnum“ fer formlega af stað með ræðu Jóns Gnarr borgarstjóra, í Ráðhúsi Reykjavíkur í dag klukkan 14. Börn með merktu bauka munu ganga í hús til loka átaksins, 28. apríl.



Landsvirkjun

2012 er komið á netið

Árið 2012 vann Landsvirkjun rúmlega 12.000 gígawattstundir af rafmagni. Skuldir fyrirtækisins héldu áfram að lækka og framtíðarhorfur þess eru góðar. Landsvirkjun er eign íslensku þjóðarinnar – afkoma og rekstur fyrirtækisins skiptir okkur öll máli.

Á vefnum okkar, landsvirkjun.is, er aðgengileg ítarleg rafræn kynning á starfsemi og afkomu Landsvirkjunar 2012 og framtíðaráformum fyrirtækisins.

Hlutverk Landsvirkjunar er að hámarka afrakstur af þeim orkulindum sem fyrirtækinu er trúað fyrir, með sjálfbæra nýtingu, verðmætasköpun og hagkvæmni að leiðarljósi.

Varnarlaus gegn auðkennisþjófnaði

Íslenskar stofnanir skortir heimildir til að sannreyna auðkenni útlendinga. Forstöðumenn Þjóðskrár og Útlendingastofnunar segja þjóðina hafa verið auðtrúa í þessum efnum og að breytinga sé þörf. Dæmi eru um að fólk hafi fengið ríkisborgararétt á grundvelli falsaðra pappíra.

Sunna Valgerðardóttir
sunna@frettabladid.is



Íslenskar stofnanir skortir heimildir til að sannreyna auðkenni útlendinga sem flytjast hingað til lands. Forstjóri Útlendingastofnunar og forstöðumaður Þjóðskrár segja að íslenska þjóðin hafi hingað til verið auðtrúa í þessum málum og ekki hafi verið tekið nægilega hart á þeim möguleika að hingað komi fólk sem sé í raun ekki það sem það segist vera. Útlendingastofnun stendur nú í byrjunarviðræðum við Noreg varðandi samvinnu ríkjanna í skjalafölsunarmálum.

Engin lög til um kennitölur

Sólveig J. Guðmundsdóttir, forstöðumaður þjóðskrársviðs Þjóðskrár, bendir á að ekki sé til lög-gjöf um kennitölur en unnið er á grundvelli stjórnsýslulaga, laga um útlendinga og sérlega eftir því sem við á. Öll mál eru unnin á sambærilegan hátt og skilgreindar kröfur lagðar til grundvallar.

Hún segir helming viðskiptavina Þjóðskrár á síðasta ári hafa verið erlendra ríkisborgara. Þörf sé á heildarendurskoðun á lögum um þjóðskrár- og almannaskráningu þar sem úthlutun og hlutverki kennitölu verði gerð skil. Málið hafi verið rætt við innanríkisráðuneytið um nokkurt skeið og þar ríki sameiginlegur skilningur á málinu.

Getur verið hættulegt fólk

Útlendingastofnun gefur út um 3.500 dvalarleyfi til erlendra einstaklinga á ári hverju. Kristín Völundardóttir, forstjóri stofnunarinnar, telur að um eitt prósent þeirra hafi framvísað fölsuðum skilríkjum en undirstrikar að það sé engin leið til að vita það þar sem heimildir og tækni skorti.

„Þetta er ekki stór hópur en hættan er sú að það geta verið hættulegir einstaklingar. Það er ástæða fyrir því að fólk er að þessu og við vitum ekki hver hún er. Auðvitað á enginn að komast upp með að leynd því hver hann er í raun,“ segir hún. „Við höfum verið svolítið auðtrúa



FIMM HUNDRUÐ HILLUMETRAR AF SKJÖLUM Stór hluti þeirra gagna sem Þjóðskrá stýst við eru enn á pappír. Forstöðumaður stofnunarinnar kallar eftir heildarendurskoðun á skráningarkerfinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

í þessum málum en vandamálið hefur birst í meiri mæli á undanföllum árum. Nú er þetta augljóslega stærra vandamál sem þarf að glíma við og þess vegna verða að vera til úrræði.“

Lagaheimildir til bakgrunnskoðana og staðfestingar vottorða eru mun rýmri í nágrannalöndunum eins og áður sagði og í því samhengi bendir Kristín á að sökum takmarkana hér á landi sé engin leið að synja gögnum frá ríkjum þar sem þekkt er að auðvelt sé að afla sér vel gerðra, falsaðra gagna.

Falsanirnar mjög góðar

„Noregur er með lög og reglugerðir þar sem segir skýrt og skortinn er að ekki verði tekið mark á tilteknum gögnum frá tilgreindum ríkjum sökum þess að það er ekki hægt að treysta á að skjal sé ófalsað,“ segir hún. „Falsanirnar eru einfaldlega svo góðar.“

Útlendingastofnun er nú í byrjunarviðræðum við Norðmenn varðandi samstarf á þessu sviði og segir Kristín viðbrögð frændþjóðarinnar hafa verið jákvæð.

„Við höfum verið að leita eftir óformlegum leiðum hvort erlend sendiráð séu til í að starfa fyrir

okkur og ætlum þá sér í lagi að skoða staðfestingar á DNA-prófum til að sannreyna skyldleika barna,“ segir hún. Þau gögn sem eru helst útsett fyrir að vera fölsuð eru fæðingavottorð barna og fullorðinna, hjúskaparvottorð, fjölskylduvottorð, dánarvottorð, skilnaðarvottorð og sakaskrár.


Vilja fá að upplýsa lögreglu

Fram kemur í umsögn Þjóðskrár um frumvarp til laga um útlendinga í febrúar að stofnunin þurfi heimildir til að samkeyra upplýsingar um útlendinga í landinu, þá sér í lagi við gögn Vinnuálastofnunar og Útlendingastofnunar. Einnig væri eðlilegt að Þjóðskrá hefði skyldu eða heimild til þess að afhenda eftirlitsstjórnvaldi eða lögreglu upplýsingar sem kunna að gefa til kynna lögbrot á sama hátt og Útlendingastofnun.



SÓLVEIG J. GUÐMUNDSDÓTTIR

Erlendir ríkisborgarar á Íslandi



Fengu ríkisborgararétt með fölsuð gögn

Dæmi eru um að fólk hafi fengið íslenskan ríkisborgararétt á grundvelli

falsaðra gagna. Þau eru þó ekki mörg, en í sumum tilvikum hafa einstaklingarnir svo leitað til Þjóðskrár þegar ríkisborgararéttur er fenginn og gert grein fyrir sínu rétta auðkenni. Ekki er hægt að svipta fólk ríkisborgararétti þegar hann er fenginn, en hægt er að beita fólk sektum og jafnvel fangelsisvist fyrir framvísun falsaðra gagna.

„Við vitum ekki hver ástæðan er fyrir því að framvísa fölsuðum gögnum en það er greinilega verið að fela eitthvað sem annars kæmi í veg fyrir að fólk fengi hér dvalarleyfi,“ segir Kristín.



KRISTÍN VÖLUNDARDÓTTIR

2006 13.778

2005 10.636

2003 10.221

2004 10.180

2002 9.850

2001 8.824

2000 7.271

1999 6.521

1998 5.635

1996 5.148

1995 4.807

1994 4.715

1993 4.825

1992 4.826

1991 5.395

1990 4.812

1989 4.774

1988 4.829

1987 3.874

Heimild: Hagstofa Íslands

Veiting ríkisborgararéttar



→ Skráðu 74 börn úr norsku þjóðskránni

Nýverið voru nöfn 74 barna tekin út úr norsku þjóðskránni. Ástæðan var að börnin voru einfaldlega ekki til.

Aftenposten skýrði frá því í febrúar að ólétt kona af erlendum uppruna fór með fjöldann allan af skilríkjum annarra kvenna til ólíkra lækna og lét skrá nöfn kvennanna í kerfinu. Þegar barnið fæddist lánaði hún það til kvennanna sem áttu skilríkin og skýrðu þær barnsburðinn sem heimaafæðingu. Þær tóku svo á móti bótum úr félagslega kerfinu á þeim grundvelli að þær væru mæður og barnið var skráð í kerfið með ólík nöfn og kennitölur.

Þegar upp komst um málið voru 15 einstaklingar ákærðir fyrir skjalafals og þurftu að greiða um fimmtán milljónir norskra króna í sekt. Nú hafa fundist fölsuð nöfn í skránni sem hafa verið til í nær tuttugu ár, en ákveðið hefur verið að stofna deild innan þjóðskrárinnar sem einbeitt sér alfarið að málum sem þessum til að koma í veg fyrir bótaskvik.



SKORTIR HEIMILDIR Útlendingastofnun vill fá rýmri lagaheimildir til að sannreyna auðkenni útlendinga sem koma hingað til lands með gögn erlendis frá.

→ 6.346 kennitölur til útlendinga í fyrra

Árið 2012 gaf þjóðskrá út 6.346 kennitölur til erlendra ríkisborgara. Skráning einstaklings í þjóðskrá er tvíþætt. Annars vegar er um að ræða skráningu lögheimilis en föst búseta einstaklings tryggir honum ýmis félagsleg réttindi. Hins vegar er hluti af þjóðskránni svokölluð utangarðsskrá þar sem fram fer skráning þeirra einstaklinga sem ekki hafa lögheimili á Íslandi. Skráningu á utangarðsskrá er ætlað að vera tímabundin og hefur skráning þar ekki í för með sér réttindasöfnun.

Superkaup.is

Canon myndavélar á tilboði til kl. 24:00, 8. apríl.



Takmarkað magn í boði. 2ja ára ábyrgð. Sendingarkostnaður innifalinn. Borgarís ehf S:5646700

HELGAR TILBOÐ

Gildir föstudag, laugardag og sunnudag



Takmarkað magn
FYRSTIR KOMA
FYRSTIR FÁ

VERÐ
SPRENGJA



Lambabógur, frosinn
verð áður 1.098 kr. kg

799 kr. kg



Lambahryggur hálfur, frosinn
verð áður 1.894 kr. kg

1.499 kr. kg



Svinahnakki, kryddaður
verð áður 1.399 kr. kg

1.099 kr. kg

GOTT Á
GRILLIÐ



Lambakótleitur, frosnar
verð áður 2.359 kr. kg

1.599 kr. kg

1 KG
Í POKA



Svinakótleitur, kryddaður
verð áður 1.158 kr. kg

999 kr. kg

EFTIRRÉTTIR Í ÚRVALI



Banoffee Pie
299 kr. stk.

Chocolate Swirl ostakaka
299 kr. stk.

Raspberry Swirl ostakaka
299 kr. stk.

Sticky Toffee ostakaka
299 kr. stk.

Strawberry ostakaka
299 kr. stk.

Blackforest Gateau
999 kr. kg

Verð birt með fyrirvara um prentvillur og gildir á meðan birgðir endast.



Opið frá kl. 11–20 alla daga
Engihjalla og Granda

Iceland



ENDURSTILLING Á
BREMSUM OG GÍRUM
FYLGR FRÍTT ÖLLUM
HJÓLUM SELDUM HJÁ
ELLINGSEN

BRUNUM INN Í SUMARIÐ

Á MERIDA GÆÐAHJÓLUM

**MERIDA-HJÓLIN
ERU ÞÝSK GÆÐA-
HÖNNUN OG FÁST
Í ELLINGSEN**



Merida-hjólin henta í allar tegundir hjólreiða, enda framleidd með það að leiðarljósi að þjóna bæði hinum almenna hjólreiðamanni og atvinnumanninum. Merida hefur verið mjög áberandi í stærstu hjólreiðakeppnum heims undanfarin ár. Á meðal þeirra sem nota Merida-hjól eru margfaldir heimsmeistarar á fjallahjólum á borð við Spánverjann Jose Hermida og norsku hjólreiðakonuna Gunn-Rita sem byrjaði að nota Merida-hjólin árið 2001 og hefur verið nánast ósigrandi síðan.

Í verslunum Ellingsen er mikið úrval af hjólum fyrir börn og fullorðna, aukahlutum og hjólreiðafatnaði. Hverju hjóli fylgir stilling á hjólreiðaverkstæði Ellingsen mánuði eftir að það er keypt.

Komdu í heimsókn og kynntu þér gæði Merida.

AUKAHLUTIR



MERIDA KIDS
BARNAHJÁLMUR

5.990 KR.



MERIDA DUAL
HJÁLMUR

9.990 KR.



MERIDA PANTERA
HJÁLMUR

14.990 KR.



ORTLIEB CITY REIÐHJÓLATASKA
Fyrir afturhjólin, vatnsheld

17.900 KR.



ORTLIEB ULTIMATE 5
REIÐHJÓLATASKA
Vatnsheld

14.900 KR.



MERIDA S-PRESSO 100-D 45L DÖMU
139.990 KR.
 Léttgreiðslur **23.332 KR.**
 í 6 mánuði.

Stærðir: 45, 50 cm
 Bremsur: Tectro, diska
 Gírar: Shimano Alivio
 Þyngd: 11,7 kg



MERIDA S-PRESSO 100-D 45 HERRA
139.990 KR.
 Léttgreiðslur **23.332 KR.**
 í 6 mánuði.

Stærðir: 45, 50, 55, 60 cm
 Bremsur: Tectro, diska
 Gírar: Shimano Alivio
 Þyngd: 11,5 kg



MERIDA HLAUPAHJÓL
11.990 KR.
 Léttgreiðslur **1.998 KR.**
 í 6 mánuði.

Hlaupahjól fyrir börn 6-12 ára.
 Slitsterkar legur sem endast lengur.

GÖTUHJÓL

FJALLAHJÓL

BARNAHJÓL



MERIDA CROSSWAY T 100-L DÖMU
119.990 KR.
 Léttgreiðslur **19.998 KR.**
 í 6 mánuði.

Stærðir: 46, 50 cm
 Bremsur: Tectro, diska
 Gírar: Shimano Alivio



MERIDA CROSSWAY T 100-D HERRA
119.990 KR.
 Léttgreiðslur **19.998 KR.**
 í 6 mánuði.

Stærðir: 48, 52, 55, 58 cm
 Bremsur: Tectro, diska
 Gírar: Shimano Alivio



MERIDA KRÁKEOY 7
109.990 KR.
 Léttgreiðslur **18.332 KR.**
 í 6 mánuði.

Stærðir: 51, 55 cm
 Bremsur: Fót- og handbr.
 Gírar: Nexus 7 gírar
 Gaffall: Stál



MERIDA MATTS TFS-300 FJALLAHJÓL
149.990 KR.
 Léttgreiðslur **24.998 KR.**
 í 6 mánuði.

Stærðir: 16, 18, 20, 22, 24"
 Bremsur: Tectro, diska
 Gírar: Shimano SLX-9
 Þyngd: 13,85 kg



MERIDA CROSSWAY HYBR 20 GÖTUHJÓL HERRA
79.990 KR.
 Léttgreiðslur **13.332 KR.**
 í 6 mánuði.

Stærðir: 48, 52, 55, 58 cm
 Bremsur: Tectro Novela
 Gírar: Shimano Acera-x



MERIDA CROSSWAY HYBR 20 GÖTUHJÓL DÖMU
79.990 KR.
 Léttgreiðslur **13.332 KR.**
 í 6 mánuði.

Stærðir: 46, 50, 54 cm
 Bremsur: Tectro Novela
 Gírar: Shimano Acera-x



MERIDA MATTS REDWOOD
69.990 KR.
 Léttgreiðslur **11.665 KR.**
 í 6 mánuði.

Stærðir: 16, 18, 20, 22 cm
 Bremsur: V-BRAKE
 Gírar: Shimano Tourney



MERIDA JULIET REDWOOD
69.990 KR.
 Léttgreiðslur **11.665 KR.**
 í 6 mánuði.

Stærðir: 16, 18"
 Bremsur: V-BRAKE
 Gírar: Shimano tourney



MERIDA BIG NINE TFS300 FJALLAHJÓL
169.990 KR.
 Léttgreiðslur **28.332 KR.**
 í 6 mánuði.

Stærðir: 15, 17, 19, 21"
 Bremsur: Tectro, diska
 Gírar: Shimano XT-9
 Þyngd: 13,8 kg



MERIDA MATTS JR FJALLAHJÓL
64.990 KR.
 Léttgreiðslur **10.832 KR.**
 í 6 mánuði.

Bremsur: V-Brake
 Gírskipting: Shimano
 Gírar: 21
 Dekk: 24"



MERIDA JULIET JR FJALLAHJÓL
64.990 KR.
 Léttgreiðslur **10.832 KR.**
 í 6 mánuði.

Bremsur: V-brake
 Gírskipting: Shimano
 Gírar: 21
 Dekk: 24"



MERIDA ÆFINGAHJÓL FYRIR BÖRN 2-4 ÁRA
24.990 KR.
 Léttgreiðslur **4.165 KR.**
 í 6 mánuði.

Sparkhjól fyrir börn.
 Hentar vel sem fyrsta hjól til jafnvægisæfinga.



MERIDA DINO 20 BARNAHJÓL 6-8 ÁRA
49.990 KR.
 Léttgreiðslur **8.332 KR.**
 í 6 mánuði.

Bremsur: Power v-br 821A
 Gírskipting: Shimano
 Gírar: 6
 Dekk: 20"




MERIDA BELLA 16 BARNAHJÓL 4-6 ÁRA
29.990 KR.
 Léttgreiðslur **4.998 KR.**
 í 6 mánuði.

Bremsur: Fót- og handbr.
 Þyngd: 7,9 kg
 Dekk: 16"



MERIDA DINO/BELLA 12 BARNAHJÓL 2-4 ÁRA
24.990 KR.
 Léttgreiðslur **4.165 KR.**
 í 6 mánuði.

Bremsur: Fótbremsur
 Grind: Ál
 Þyngd: 7,5 kg
 Dekk: 12"
 Hjálpardekk fylgja.

 **Leitaðu ráða hjá okkur.** Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

REYKJAVÍK • Fiskilóð 1 • Sími 580 8500 • mánud.-föstud. 10-18 • laugard. 10-16
 AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • mánud.-föstud. 8-18 • laugard. 10-16 • ellingsen.is



Meðferð kynferðisbrota í réttargæzlukerfinu:

Skref í átt að meira trausti

Umhræðan um kynferðisbrot á Íslandi hefur gjörbreytt eftir að ljóstráð var upp um ítrekuð og ljót brot barnanídingsins Karls Vignis í Kastljósi RÚV í upphafi árs. Stíflur þagnar og þöggunar hafa brostið og ótal einstaklingar sagt frá kynferðisofbeldi sem þeir hafa verið beittir.

Þetta kemur skýrt fram í þeirri gríðarlegu fjölgun kæra sem lögreglunni berast vegna kynferðisbrota. Í janúar voru þær fjórum sinnum fleiri en í sama mánuði í fyrra.

Ólafur P. Stephensen

olafur@frettabladid.is



Um leið er greinilegt að margir trúa því ekki að hið opinbera réttargæzlukerfi sé í stakk búið að fást við þessi mál. Margt hefur þó breytt í þeim efnum. Hert hefur verið á löggjöf um kynferðisbrot á undanfönum árum. Starfsfólk lögreglu, saksóknara og dómstóla er langtum betur að

Um leið er greinilegt að margir trúa því ekki að hið opinbera réttargæzlukerfi sé í stakk búið að fást við þessi mál. Margt hefur þó breytt í þeim efnum. Hert hefur verið á löggjöf um kynferðisbrot á undanfönum árum. Starfsfólk lögreglu, saksóknara og dómstóla er langtum betur að

sér um eðli og afleiðingar þessara brota en áður var. Aðstaða til að sinna þolendum kynferðisbrota, til dæmis neyðarmóttaka vegna nauðgana og Barnahúsið, er að mörgu leyti til fyrirmyndar.

Það mun ekki breytast að kynferðisbrotamál eru vandmeðfarnari en mörg önnur, meðal annars vegna þess hvað snúið getur verið að sanna þau. Aukin þekking og skilningur á þeim er þó líkleg til að fjölga sakfellingum og að gerendurnir fái refsingu fyrir brot sín.

Það er hins vegar alger frumforsenda þess að fólk hafi trú á kerfinu að það anni þeim málafröðla sem nú er við að eiga. Undanfarna mánuði hefur komið skýrt fram að hvorki lögreglan né embætti saksóknara hafa fé og mannskap til að sinna þeim sem skyldi. Hugsanlegt er að fyrir vikið verði rannsókn sumra mála ekki nægilega vönduð og að í öðrum tilvikum dragist málsmeðferðin úr hömlu. Lögreglan hefur unnið hratt í máli Karls Vignis, sem var ákærður fyrir í vikunni fyrir brot gegn fjórum einstaklingum, en margir tugir mála eru óafgreiddir.

Tillögur undirnefndar allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis um úrbætur á meðferð kynferðisbrotamála gegn börnum eru mikilvægt skref í þá átt að fólk geti borið fullt traust til réttargæzlukerfisins. Nefndin segir það sem liggur í augum uppi; að auka þurfi fjárveitingar til rannsóknardeilda lögreglunnar og ríkissaksóknaramembætisins til að þessar stofnanir ráði við málafröðlann. Jafnframt er lagt til að skoðað verði að rýmka rannsóknarheimildir lögreglunnar í kynferðisbrotamálum, meðal annars notkun tálbeita.

Nefndin vill sömuleiðis efla Barnahúsið með auknum fjárveitingum og telur koma til greina að skikka dómara til að nota þjónustu þess í dómsmálum sem varða kynferðisbrot gegn börnum. Það er raunar alveg furdulegt að stærsti héraðsdómstóll landsins, Héraðsdómur Reykjavíkur, skuli árum saman hafa sniðgengið Barnahúsið ítrekað, þrátt fyrir að það sé löngu orðið öðrum ríkjum fyrirmynd. Þar geta dómamar yfirheyrt börn í öruggu umhverfi, þar sem þeim er látið líða vel og líklegra er en ella að fáist fram raunsonn frásögn af brotum sem þau hafa orðið fyrir.

Tillögur nefndarinnar eru gott og jákvætt skref, en það liggur á að fylgja orðum eftir með efndum og auka fjárveitingar til málaflöksins strax á næsta þingi. Skilvirk meðferð kynferðisbrotamála er mikilvægur hluti þess fyrsta verkefnis ríkisvaldsins að gæta öryggis borgaranna.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Botninum náð?

Sjálfstæðisflokkurinn mælist með svo lítið fylgi að annað eins hefur varla sést. Bjarni Benediktsson segir að nú sé botninum náð. Margir hljóta að taka undir það – fylgi Sjálfstæðisflokksins, af öllum flokkum, getur varla lækkað mikið meira, er það? Bjarni ætti hins vegar kannski að varast þetta orðalag. Síðasti formaður Sjálfstæðisflokksins sem sagði að botninum væri náð var Geir H. Haarde. Það gerði hann í mars árið 2008 og var þá að tala um efnahagsástandið. Hann hafði á röngu að standa.

Herkvaðning úr Valhöll

Annars er örventingin í Sjálfstæðisflokknum orðin slík að í gær sendi framkvæmdastjórninn



Valið og hafnað

Jónmundur vitnar hins vegar ekki í annað í þeirri makalausni grein Árna, eins og það þegar hann



sakar Ragnheiði Elínu Árnadóttur og aðra mótframbjóðendur hans í prófkjöri flokksins í Suðurkjördæmi um að hafa „rottað sig saman til þess að skáka [honom] út af hlaupabrautinni“. „Það var sem sagt ákveðið í þróngan hóp klíku í Reykjanesbæ hverjir ættu að verða þingmenn Suðurkjördæmis fyrir Sjálfstæðisflokkinn. Það var skelfilegt að vakna upp við brotnar leikreglur, falsið og svikin,“ skrifaði Árni og bætti því við að það borgaði sig ekki að refsja Sjálfstæðisflokknum þótt hann „missi illilega niður um sig buxurnar“. Það er ákveðið afrek að geta púslað saman herhvót upp úr þessari hálfduðubúnu hirtingarræðu.

stigur@frettabladid.is

HALLDÓR



FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Ewald RITSTJÓRAR: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is, Mikael Torfason mikael@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Ljúkum aðildarviðræðunum

EVROPUMÁL



Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra

Í fyrsta lagi vegna þess að Evrópumálin eru eitt stærsta hagsmunamál Íslands til framtíðar. Aðild að ESB snýst um að koma á traustari umgjörð um efnahagslífið þannig að verðbólga og vextir geti lækkað og stöðugleiki komist á. Varanlega. Í dag nemur Íslandsálagið á krónuna um 130-230 milljörðum á hverju ári og íslenskar fjölskyldur borga 117 milljörðum meira á ári af húsnæðislánum en heimili í Evrópu. Það er ekki hægt að aðskilja skuldamálin frá gjaldmiðilsmálunum. Þess vegna eru Evrópumálin svona brýn.

Í öðru lagi vegna þess að við erum langt komin í viðræðunum. Samningar eru hafnir eða þeim lokið í um 4/5 hluta allra málaflökka. Við höfum náð mjög góðum árangri við að koma á framfæri skilningi á sérstöðu Íslands í sjávarútvegsmálum, landbúnaði, byggðamálum og umhverfismálum. Samningalið okkar er þrautþjálfað og einbeitt í að ná sem bestum samningi. Í þriðja lagi myndu slit á viðræðunum endanlega skera á þann möguleika að taka upp evru – ef þjóðin svo kys. Sedlabankinn hefur sagt skýrt að evran er eini raunhæfi valkosturinn við veika krónu. Það er í skýrri andstöðu við blákalda hagsmuni Íslands að taka frá þjóðinni möguleikann á að velja þar á milli.

→ Skoðanakannanir hafa ítrekað sýnt að mikill meirihluti Íslendinga vill sjá samninginn.

Eina leiðin

Í fjórða lagi vegna þess að þetta er eina leiðin til þess að útkljá Evrópumálin. Einungis með því að fá aðildarsamning á borðið sjáum við raunverulega hvað aðild felur í sér. Þá getur umræðan um aðild og áhrif aðildar á byggðamálin, umhverfi og auðlindir, unga fólkið, rannsóknir og þróun, smáfyrirtæki og skapandi greinar, snúist um staðreyndir en ekki getgátur. Stór hluti Evrópuandstöðunnar byggir á þeirri trú að Íslendingar geti ekki ná góðum samningi. Ég er ekki haldinn þeirri vanmetakennd.

Í fimmta lagi er lýðræðislegt að ljúka samningum. Meirihluti Alþingis samþykkti að fela ríkisstjórn að sækja um aðild að ESB. Viðtækt samráð hefur verið haft við hagsmunaaðila og félagasamtök í samningaferlinu. Gögn eru birt jafnskjött á vefnum. Skoðanakannanir hafa ítrekað sýnt að mikill meirihluti Íslendinga vill sjá samninginn. Þjóðin á að eiga lokaorðið í Evrópumálunum.

VILTU LÆRA LISTINA AÐ MUNA?



„... alveg frábær ...“

BILL GATES, THE GATES NOTES

„... fyrst og fremst snjöll, fyndin og yndisleg ...“

DEBORAH BLUM, NEW SCIENTIST



VAKA-HELGAPELL

www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu

Til varnar svartri vinnu

Í DAG

Pawel Bartoszek
stærðfræðingur



„Öflugt atvinnulíf er forsenda öflugslu velferðarkerfis.“ Hve oft hefur maður ekki heyrt einhvern stjórnmálamanninn fara með þessa norrænu möntru? „Við þurfum fleiri störf ef við viljum gott heilbrigðiskerfi.“ „Við þurfum að auka útflutningsverðmæti ef við ætlum að reka hér gott menntakerfi.“

Auðvitað er þetta allt saman satt og rétt. En þessi hugsun- arháttur fær fólk til að snúa hlutum á haus. Menn fara beinlínis að halda að helsti tilgangur atvinnulífsins sé að afla ríkissjóði tekna. Það er rugl.

Tölum aðeins um atvinnulífið. Atvinnulífið er stórmerkilegt fyrirbæri. Einhver á bilaðan bíl. Einhver annar kann að gera við bíl. Sá er svangur og langar í pitsu. Pitsugerðarmanninn langar í nýtt parket. Konan sem kann að leggja parket vill læra spænsku á kvöldin. Maðurinn sem kennir henni spænsku var að eignast barn og þarf notaðan barnavagn. Gott atvinnulíf kann að leysa úr öllum þessum flækjum.

Það er sama hvort menn krukka í Excel-skjölum eða safna dósnum niðri í bæ um helgar, einhver vinna er samfélaginu oftast gagnlegri en engin vinna. Og vel á minnst: Það er samfélaginu mun gagnlegra að menn vinni svart en að þeir vinni ekkert. Þó að það

sé ekki sérstaklega vinsælt að segja það.

Að skila sínu

Hugsum okkur mann sem er nýkominn úr meðferð eftir áralanga eiturfjaneyslu. Hann þiggur kannski einhverjar bætur en enginn er sérstaklega spenntur fyrir því að ráða þennan fyrverandi dópista í vinnu. Hann fær samt kannski einhver minni verkefni: Gerir við tölvur fyrir fólk, selur eitthvað drasl á Barnalandi, leigir út íbúð sína til túrista meðan hann flytur til mömmu. Allt svart.

Kannski vill þessi aðili ekki að þær bætur sem hann er að fá skerðist. Kannski tímir hann ekki að borga skatta. Kannski er vinna hans ekki það mikils virði að hann gæti selt hana ef hann þyrfti að borga skatta. Kannski er hann félagsfélíngur og þorir ekki að tala við skattayfirvöld, veit ekki að hann þarf að setja sig á „staðgreiðsluskrá“, fá sér „vasknúmer“, reikna sér „endurgjald“, standa skil á „iðgjöldum“ og borga „tryggingargjald“. Eða kannski er hann bara latur.

Óneitanlega eru flestar ástæður um tilmála eiginngjarnar. Þessi tiltekni fyrverandi fíkill er vissulega ekki að skila sínu í ríkiskassann. Jú, jú, ef „allir myndu hugsa svona“ þá væri engin Harpa. Ég veit. En hann er að skila einhverju til samfélagsins. Það er einhver sem kaupir gamalt drasl á Barnalandi sem er betur settur. Tölva einhvers er ekki lengur biluð. Einhver tékkneskur puttaferðalangur krassar í sófa og er sáttur.

Ólöglegt hitt og þetta

Nýlega mátti heyra fréttir af því að það væri fullt af „ólög-

Pað er samfélaginu mun gagnlegra að menn vinni svart en að þeir vinni ekkert.

legum“ gististöðum í Reykjavík. Jú, vefsíður eins og airbnb.com hafa gert mönnum mögulegt að hýsa túrista á sófanum hjá sér. Hugsid ykkur: Án sérstaks leyfis! Án þess að handlaug sé í hverju herbergi! Án þess að rúmin séu nægilega stór. Án þess að menn hafi skilað inn þeim tíu skjólum frá tíu ólíkum aðilum sem þarf til að opna gistiheimili. Hugsu sér.

Lög eru samin af fólki. Oft hefur þetta fólk sem semur lögin svokallaða „hagsmuna- aðila“ með í ráðum. Hagsmuna- aðilar eiga það til að þvælast fyrir nýjabrumi. Eitt nýtt eyðublað fyrir mann sem hefur rekið hótél í tíu ár er minni þröskuldur en tíu eyðublað fyrir einhvern sem er að stíga sín fyrstu spor í þeim bransa.

Ég myndi vilja sjá fólk gert auðveldara að stunda atvinnurekstur á Íslandi. Ég get því miður ekki sagt að ég hafi á undanförunum fjórum árum séð mörg skref í þá veru en þig ábendingar þar um. Ég myndi líka vilja að fólk fengi að halda eftir stærri hluta tekna sinna. Ekki endilega með þeim eilíftið kuklkenndu rökum að það muni í raun „auka tekjur“. Það er ekkert víst. Enda er það heldur ekki aðalmarkmiðið. Gott atvinnulíf er ekki bara uppspretta fjármagns fyrir ríkið. Gott atvinnulíf, atvinnulíf sem gerir við bíla, bakar pitsur og kennir spænsku er markmið í sjálfu sér.

Hentistefna Evrópusambandsins

Það hefur vakið athygli erlendra fjölmiðla að Evrópusambandið veitti ekki bönkum og fjármagnseigendum á Kýpur sömu fyrirgreiðslu og það hefur veitt bönkum í öðrum Miðjarðarhafslöndum sínum. Menn velta mjög vöngum yfir þessu.

EVROPUMÁL



Sigríður Á. Andersen
frambjóðandi
Sjálfstæðisflokksins
í Reykjavík

bankar fari á hliðina. Rússar eru eigendur stórs hluta innstæðna í kypverskum bönkum. Evrópusambandinu er slétt sama um þessar innstæður. Er þetta ekki sama Evrópusambandið og hefur ofsótt Íslendinga undanfarin fjögur ár fyrir þær meintu sakir að mismuna innstæðueigendum eftir því hvar í landi þeir væru?

Ofsóknir

Evrópusambandið stundaði þessar ofsóknir á hendur Íslendingum þrátt fyrir að neyðarlögin íslensku hefðu veitt innstæðueigendum á Icesave forgang umfram skuldabréfaeigendum sem

→ Er þetta ekki sama Evrópusambandið og hefur ofsótt Íslendinga undanfarin fjögur ár fyrir þær meintu sakir að mismuna innstæðueigendum eftir því hvar í landi þeir væru?

voru meðal annarra Seðlabanki Íslands og íslenskir lífeyrissjóðir. Rússar munu tapa miklu á falli kypversku bankanna, því miður fyrir þá. Það vill hins vegar til að Kýpverjar sjálfir eiga innstæður í þessum sömu bönkum, því miður fyrir þá. Lítil eyþjóð í Evrópusambandinu vegur ekki þungt þegar í harðbakkann slær í Brussel og Frankfurt.

Sinnuleysi Háskólans

KJARAMÁL



Sara Sigurbjörns-Öldudóttir
formaður
Hagstundar



Stefán Pálsson
varaformaður
Hagstundar

Í áráraðir hefur verið rætt um mikilvægi þess að bæta kjör þessa starfshóps, en lítið orðið úr efndum. Frá efnahagshruni hafa fjárhagsvandræði Háskólans svo verið stjórnendum hans afsökun fyrir að gera ekkert í málinu.

Ósk um samráðsnefnd

Í júní á síðasta ári sendi Hagstund, hagsmunafélag stundakennara á háskólastigi, ásamt BHM og Félagi háskólakennara erindi til Háskóla Íslands með ósk um að stofnuð yrði samráðsnefnd með fulltrúum samtakanna, skólans, mennta- og menningarmálaráðuneytisins og starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins. Tilgangur nefndarinnar yrði að leita leiða til að hrinda í framkvæmd þeirri stefnu sem Háskóli Íslands hefur sjálfur markað sér, en þar segir: „Gert verði áttak í að bæta kjör og aðstöðu stundakennara og styrkja stöðu þeirra innan Háskóla Íslands. Mörkuð verði stefna um

→ Svo virðist sem stjórnendur HÍ telji að stundakennarar muni hér eftir sem hingað til láta bjóða sér hvað sem er í kjara- og aðstöðumálum án þess að það bitni á gæðum kennslunnar. Það er háskalegur leikur.

æskilegt hlutfall stundakennslu af heildarkennslumagni, ráðningarferli stundakennara, hæfni- kröfur, þjálfun og upplýsingamiðlun til þeirra.“

Því miður virðast þessi háleitu markmið úr stefnu skólans fyrir árin 2011-2016 vera lítið annað en orðin tóm. Háskólinn hefur í engu svarad erindinu og ekkert bendir til að von sé á úrbótum. Svo virðist sem stjórnendur HÍ telji að stundakennarar muni hér eftir sem hingað til láta bjóða sér hvað sem er í kjara- og aðstöðumálum án þess að það bitni á gæðum kennslunnar. Það er háskalegur leikur.

Iceland

PIZZA & COKE

Ótrúlegt verð

Pizza með skinku og osti
399 kr. stk.



Pizza með fajitakjúklungi
399 kr. stk.



Tvöfalt pepperóni
399 kr. stk.



Fjögurra osta pizza
399 kr. stk.



Aðeins 75 kr. dósin!
ef þú kaupir kassa

Coca Cola 33cl 12 dósir
899 kr. ks.



Opið frá kl. 11–20 alla daga
Engihjalla og Granda

Iceland

HAKK & BORGARAR Á EINSTÖKU VERÐI



Á meðan birgðir endast

ESJA
GÆÐAFÆÐI

**ÞÚ FÆRÐ MEIRA
FYRIR PENINGINN
Í ICELAND**



Opið frá kl. 11–20 alla daga
Engihjalla og Granda

Ætla framboðin að rétta hlut öryrkja?

Mikil spenna ríkir meðal kjósenda í aðdraganda alþingiskosninga. Fólk vill sjá breytingar á stefnu í stjórnárum á næsta kjörtímabili. Fjöl- mörg ný framboð hafa litið dagsins ljós sem ekki sér fyrir endann á. Þessi atburðarás er mjög merkileg þróun í íslensku stjórnárum sögu en skiljanleg í ljósi þess sem á undan hefur gengið.

Öryrkjar og eldri borgarar hafa orðið fyrir umtalsverði skerðingu á tekjum ásamt réttindaskerðingu síðan kreppan skall á og krefjast svara um hvort framboðin ætli að rétta hlut þeirra ef þau komast í ríkisstjórn. Til að fá svör við því sendi kjarahópur Öryrkjabandalagsins þeim framboðum sem bjóða fram á landsvísu spurningar um þau kjaramál sem brenna helst á lífeyrisþegum. Sú spurning sem brennur einna mest á þeim er hvort framboðin ætli sér að afturkalla og leiðrétta afturvirkta þá kjara- og réttindaskerðingu lífeyrisþega sem innleidd var fyrst á árinu 2009 og hefur haldið áfram til dagsins í dag. Þau framboð sem svara því játandi eru spurð hvernig og hvenær það verði að veruleika.

Ástæðan fyrir þeirri spurningu er að þann 1. janúar 2009 var 69. grein almannatryggingalaga tekin úr sambandi með fjárlögum þannig að bætur hækkuðu minna en þær hefðu átt að gera. Öryrkjar urðu þannig fyrstir fyrir kjaraskerðingu vegna efnahagshrunsins og hefur hún haldið áfram, nú síðast í janúar 2013, þrátt fyrir að um tímabundnar aðgerðir hafi verið að ræða í ljósi ástandsins í þjóðfélaginu og stjórnvöld hafi lýst því yfir að hagur ríkisins væri að vænkast.

STJÓRN MÁL



Lilja Þorgeirsdóttir framkvæmdastjóri ÖBÍ

Meðaltekjur hafa lækkað

Lífeyrisgreiðslur síðustu ára hafa hvorki náð að halda í við verðlags- hækkanir, almenna launaþróun né hækkanir lægstu launa (lágmarks- tekjutryggingu í dag- vinnu) og er munurinn allverulegur. Þessi þróun hefur leitt til þess að á síðustu fjórum árum hafa meðaltekjur öryrkja einungis hækkað um

4,7% en launavísitala um 23,5%.

Á sama tíma hefur neysluvísitalan hækkað um 20,5% sem hefur, eins og gefur að skilja, leitt til umtalsverðrar kjara- rýrnunar hjá öryrkjum. Þessu til viðbótar hefur kostnaður í heilbrigðiskerfinu hækkað mikið frá bankahrúni, sem hefur bitnað sérstaklega harkalega á sjúklingum og fólki með fötlun. Þrátt fyrir þessa staðreynd hafa stjórnvöld ekki leiðrétt kjör lífeyrisþega en launaleiðréttingar hafa átt sér stað afturvirkta m.a. hjá alþingismönnum, ráðherrum og fleiri aðilum sem heyra undir Kjararáð.

Skerðing á öðrum sviðum

Til viðbótar því sem að ofan greinir voru ýmis réttindi öryrkja og ellilífeyrisþega skert verulega þann 1. júlí 2009 ásamt því að tekjutenging jókst til muna. Sem dæmi hækkaði skerðingarlutfall tekjutryggingar og lífeyrisþjóðsgreiðslur skertu grunnlífeyri almannatrygginga í fyrsta skipti í sögunni. Þá hafa ýmis frítekjumörk og tekjuviðmið verið fryst, sem hefur gert það að verkum að hækkanir bóta almannatrygginga hefur ekki skilað sér til allra.

Skortur á aðgerðaáætlun

Í 28. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, sem Ísland undirritaði

→ Þá hafa ýmis frítekjumörk og tekjuviðmið verið fryst, sem hefur gert það að verkum að hækkanir bóta almannatrygginga hefur ekki skilað sér til allra.

2007, viðurkenna aðildarríkin rétt fatlaðs fólks og fjölskyldna þess til viðunandi lífsskjara og til sífellt batnandi lífsskilyrða. Þegar efnahagsferfiðleikar steðja að hefur eftirlitsnefnd Sameinuðu þjóðanna, með samningi um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi, lýst því yfir að stjórnvöld þurfi að setja upp áætlun um hvernig lágmarka megi mögulegan skaða og hvernig skerðingin skuli ganga til baka. Alþingi fullgilti þann samning árið 1979. Þrátt fyrir það hafa lífeyrisþegar orðið fyrir umtalsverðri skerðingu frá bankahrúni sem ekki sér fyrir endann á. Er það á mælisvert að stjórnvöld hafi ekki sett fram áætlun um hvernig niðurskurður hjá lífeyrisþegum skuli ganga til baka.

ÖBÍ heldur opinn fund um kjör öryrkja með framboðum sem bjóða fram á landsvísu í komandi alþingiskosningum. Fundurinn verður laugardaginn 13. apríl kl. 14.00-16.30 á Hilton Reykjavík Nordica. Kjarahópur ÖBÍ bindur vonir við að fá svör fram- bjóðenda við sínum spurningum.

Almenningur hefur einnig haft tækifæri til að senda inn spurningar fyrir fundinn í gegnum heimasíðu ÖBÍ. Þær spurningar sem brenna mest á fólki verða lagðar fyrir fram- bjóðendum á fundinum. Svör framboða verða birt eftir fundinn á heimasíðu ÖBÍ til þess að kjósendur geti tekið upplýsta ákvörðun á kjördag.

Frá efnahagssamruna til efnahagslegs öryggis

Evrópusambandið var stofnað á grundvelli þeirrar sannfæringar að sameiginleg hagsæld myndi stuðla að friði og stöðugleika í Evrópu. Innri markaðurinn, og með honum frjáls flutningur á vörum, fólki og fjármagni, hefur sannarlega auðveldað aukna sam- vinnu milli aðildarríkja- anna og almennings. Frá bandalagi til sambands hefur Evrópusamruninn farið stigvaxandi og verið drifinn af efnahagssamstarfi í álfunni. Krísan á evrusvæðinu, í bland við samdrátt í efnahag heimsins og samkeppni frá vaxandi hagkerfum, er enn eitt skrefið í þróun hlutverks Evrópu í alþjóðamálum. Á meðan aðildarríki tipla á tánum í átt að dýpri samruna á sviði efnahags- og stjórnárum ætti ESB að styrkja núverandi samstarf við aðrar þjóðir.

Tvíhliða samkomulag

Sem slíkt er nýlegt samkomulag ESB og Bandaríkjanna um að hefja samningaviðræður um við- tækt viðskipta- og fjárfestinga- samstarf eins líklegt til efnahags- legs ávinnings og til að styrkja stöðu sambandsins. Svo metnaðar- fullt tvíhliða samkomulag gæti einnig stutt við hið fjölbjóða kerfi, hvort heldur sem er innan WTO eða G20. En það gæti líka verið litið á það sem varnartílaun til

EVROÐUMÁL



Guillaume Xavier-Bender þýska Marshall- sjóðnum í Bandaríkjunum

þess að snúa efnahagslegu samstarfi á heimsvísu aftur í þágu vestrænna hagkerfa. Það er nákvæmlega þetta jafnvægi milli frjálslyndis og verndar- stefnu, milli efnahagslegs ávinnings og styrkingar á stöðu innan alþjóðakerf- isins, sem mótur hvernig litið er á hlutverk Evrópu í heiminum. Í raun gætu þjóðgarmestu leiðir ESB í utanríkisárum verið tengsl þess í efnahags- málum.

Enn stærsta hagkerfið

Þrátt fyrir hægán endurbata er ESB enn stærsta hagkerfi heimsins. Það er stærsti innflutningsaðili heimsins, stærsti fjárfestir og sá aðili sem nýtur mestra beinna erlendra fjárfestinga. Þrátt fyrir að efnahagskreppan hafi ekki dregið úr almennum stuðningi við frjálslyndisstefnuna hefur hún eftl ákallið eftir aukinni vernd fyrir evrópsk hagkerfi og samfélög. Kjarninn í því að taka utanríkisambönd ESB til endurskoðunar er að vernda þessar réttarreglur gegn auknum ytri þrýstingi.

Í slíku sambandi styrkist sambandið milli efnahags- og utan- ríkisstefnu og munurinn þar á milli verður æ óskýrari. Af því leiðir, í viðskiptum sem og víðar, að ESB ætti að halda áfram að tryggja hlutfallslega yfirburði

→ Efnahagslegt öryggi er hins vegar ekki efnahagsleg verndarstefna heldur snýst það um áhrif skulda, gjaldmiðla, fjárfestinga, iðngætu, auðlinda, orku, tækni og mannaúts á öryggi, bæði á landsvísu sem og svæðis- bundið.

sína. Til þess getur þurft að móta nýjar verkreglur til að hafa eftirlit með erlendum fjárfestingum innan sambandsins og stýra aðgangi að innri markaðinum. Efnahagslegt öryggi er hins vegar ekki efnahagsleg verndarstefna heldur snýst það um áhrif skulda, gjaldmiðla, fjárfestinga, iðngætu, auðlinda, orku, tækni og mannaúts á öryggi, bæði á landsvísu sem og svæðisbundið. Það snýst um getu og færni til að skapa, viðhalda og vernda efnahagslega vel- megun og félagslegar undirstöður.

Þrátt fyrir áskoranir sem felast í þróun á efnahagslegum samskiptum á heimsvísu eru grunnstöðir Evrópu enn sterkar. En nú er kominn tími fyrir ESB að byggja ný sambönd og til að endurhugsa núverandi sambönd út frá efnahagslegu öryggi og samskiptum sem styrkja stöðu sambandsins. Leiðin að eigin efnahagslegum endurbata ESB gæti sprottið fyrst og fremst út frá efnahagslegum samböndum þess út á við.

MIÐBORGIN OKKAR BÝÐUR ÞÉR HEIM

Allsnægta apríl

LANGUR LAUGARDAGUR 6. APRÍL

Þú finnur réttu fermingargjöfina í miðborginni um leið og þú nýtur þess að spóka þig um og spígspora milli fallegra og prýðilegra verslana.

Í tilefni Hestadaga í Reykjavík leggja 150 glæsifákar upp frá Umferðamiðstöðinni kl. 13 á laugardag og ríða sem leið liggur gegnum miðborgina.

Sequences listahátíðin er í fullum gangi með tilheyrandi gjörningaveðri – og Hjarðmenn harmónikkunnar dilla gestum miðborgarinnar frá kl. 14.

Verum, verslum og njótum vorsins þar sem hjartað slær.



GJAFAKORT MIÐBORGARINNAR

Tilvalin fermingargjöf, fánleg í öllum bókaverslunum miðborgar.

12 Tónar fimmtán ára

Sófi, heyrnartól og kaffi voru mikilvægur hluti af tónlistarversluninni 12 Tónum þegar hún var sett á laggirnar. Svo er enn í dag, 15 árum síðar. Jóhannes Ágústsson, annar eigandi búðarinnar, segir fastagestina vera marga. Verslunin heldur upp á afmæli í dag.

Tónlistarverslunin 12 Tónar hefur sett svip sinn á Reykjavík síðan hún var sett á laggirnar fyrir fimmtán árum. Í dag milli klukkan fimm og sjö halda eigendur upp á afmæli verslunarinnar sem þótti óhefðbundin á sínum tíma. „Við renndum blint í sjóinn með þessa litlu verslun árið 1998,“ segir Jóhannes Ágústsson sem ásamt Lárusi Jóhannessyni á og rekur 12 Tóna. „Það var stór hluti af módelinu að í versluninni væri þægilegri stemning en í plötubúðum almennt og þá sérstaklega góð aðstaða til að hlusta á tónlist. Hún tók á sig ákveðna mynd, henni fylgdi sófi, heyrnartól og kaffi og þannig er það enn í dag.“



JÓHANNES ÁGÚSTSSON



12 TÓNAR Verslunin var fyrst til húsa á horni Barónsstígs og Grettisgötu en hefur frá árinu 2001 verið á Skólavörðustíg.

15 ÁRA VERSLUN – 10 ÁRA ÚTGÁFA

Auk þess að fagna 15 ára afmæli 12 Tóna halda þeir Jóhannes Ágústsson og Lárus Jóhannesson upp á tíu ára afmæli útgáfu 12 Tóna á þessu ári. Fyrsti geisladiskurinn sem var gefinn út var metsöluhlata Eivarar Pálsdóttur, Krákan. Síðan þá hafa 12 Tónar gefið út tæplega 70 geisladiska með alls konar tónlist, til dæmis rímum, rokki og raftónlist. „Við höfum aðeins róað okkur síðan mest var árið 2005 og 2006 en það er ýmislegt spennandi á döfinni,“ segir Jóhannes. Á næstunni kemur út hjá 12 Tónum fyrsta plata Samaris, sigurvegara Músiktilraunanna árið 2011 og fyrsta plata hljómsveitarinnar Grísalappalísu en hana skipa meðal annars fyrirverandi meðlimir Jakobínarínu og Sudden Weather Change.

✝
Okkar ástkæra
HELGA ÓLAFÍA ÞÓRÐARDÓTTIR STONER
lést að kvöldi 21. mars síðastliðins í Kaliforníu í Bandaríkjunum.
Fyrir hönd aðstandenda,
Ragnar Þór Jörgensen




✝
Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,
ÞORVALDUR BJÖRNSSON
fyrirverandi bóndi á Litla-Ósi, Nestúni 4, Hvammstanga,
sem lést þann 19. mars sl. verður jarðsönginn frá Hvammstangakirkju í dag, föstudaginn 5. apríl kl. 15.00.
Már Þorvaldsson
Jóhanna Þorvaldsdóttir
Björn Þorvaldsson
Gunnar Þorvaldsson
Ágúst Þorvaldsson
barnabörn og barnabarnabörn.
Álfheiður Sigurðardóttir
Hermann Ólafsson
Birna Torfadóttir
Gréta Jósefsdóttir



✝
Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,
ÞÓREY JARPRÚÐUR JÓNSDÓTTIR
Klapparhlíð 20, Mosfellsbæ,
lést á líknardeild LSH í Kópavogi laugardaginn 30. mars. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju mánudaginn 8. apríl kl. 15.
Bjarni Gíslason
Hólmfríður Bjarnadóttir
Gísli Bjarnason
Heimir Bjarnason
Norbert Birnböck
Margrét L. Laxdal
Sædis Guðmundsdóttir
og barnabörn.



✝
Hjartkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,
REYNIR R. ÁSMUNDSSON
áður til heimilis að Austurbrún 29, Reykjavík,
lést umvafinn fjölskyldunni á heimili sínu, Hraunvangi 1, Hafnarfirði, þann 23. mars. Jarðarför fer fram frá Víðistaðakirkju, fimmtudaginn 11. apríl, klukkan 15.00.
Elisbet Guðrún Brynjólfssdóttir
Jóhannes Hólm Reynisson
Rannveig Ása Reynisdóttir
Þórarinn Gunnar Reynisson
Kristín Sigríður Reynisdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.
Ásdís Runólfsdóttir
Svanberg Sigurgeirsson



✝
Útför föður okkar, tengdafaður, afa og langafa,
STEFÁNS GUÐMUNDSSONAR
Túni, Flóa,
sem lést 28. mars, fer fram frá Selfoskirkju laugardaginn 6. apríl kl. 13.30. Jarðsett verður í Hraungerðiskirkjugarði.
Jóhann Stefánsson
Ragnheiður Stefánsdóttir
Guðmundur Stefánsson
Hafsteinn Stefánsson
Vernharður Stefánsson
Jónína Þ. Stefánsdóttir
Bjarni Stefánsson
barnabörn og barnabarnabörn.
Þórunn Sigurðardóttir
Guðjón Á. Luther
Guðrún H. Jónsdóttir
Guðfinna S. Kristjánsdóttir
Auður Atladóttir
Halldór Sigurðsson
Veronika Narfadóttir



✝
Okkar ástkæra systir,
ÁGÚSTA J. MAGNÚSDÓTTIR
lést að heimili sínu 21. mars. Jarðsett hefur verið í kyrrþey að ósk hinnar látnu.
Systkini og fjölskyldur.



✝
Ástkær eiginkona mín,
LOVÍSA EINARSDÓTTIR
íþróttakennari,
er látin.
Ingimar Jónsson




✝
Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,
JÖRGEN SIGURJÓNSSON
Barrholti 29, Mosfellsbæ,
lést sunnudaginn 24. mars á Hjúkrunarheimilinu Eir, deild 2 norður. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Þökkum starfsfólki deildar 2 norður fyrir umönnun og hlýhug, einnig starfsfólki dagdeildar Eirar. Þökkum vinum og ættingjum auðsýnda samúð.
Anna Ingólfssdóttir
Ingólfur Jörgensson
Jón Andri og Jörgen Ingólfssynir.
Kristín Ásta Hafstein



✝
Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,
BJARNI HANNESSON
Lindarflöt 45, Garðabæ,
lést á heimili sínu 2. apríl. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni fimmtudaginn 11. apríl kl. 15.00.
Þorbjörg Þóroddsdóttir
Ragnheiður Ingibjörg Bjarnadóttir
Þóroddur Bjarnason
Hólmfríður Bjarnadóttir
og barnabörn.
Sveinn Yngvi Egilsson
Brynhildur Þórarinsdóttir
Martin Eineborg



✝
Ástkær unnusti minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,
SVEINN THEODÓR MAGNÚSSON
bílasmiður,
Garðabæ,
lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi fimmtudaginn 4. apríl. Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík mánudaginn 8. apríl kl. 15.00.
Alice Martins
Ívar Sveinsson
Ragna M. Sveinsdóttir
Helgi Sveinsson
Magnús Th. Sveinsson
og barnabörn.
Svanhildur Svansdóttir
Heiður Rán Kristinsdóttir



✝
Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
LOVÍSA GUÐRÚN JÓHANNSDÓTTIR
Heiðarvegi 21a, Keflavík,
sem lést í faðmi fjölskyldunnar á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja þriðjudaginn 2. apríl, verður jarðsönginn frá Keflavíkurkirkju þriðjudaginn 9. apríl kl. 13.00.
Ingólfur Arnarson
Linda Arnardóttir
Pétur Jónsson
Signý Arnardóttir
Elin Arnardóttir
barnabörn og barnabarnabörn.
Sveinn Sveinsson
Rósa Johansen
Sigurður Heimisson
Bjarni Gunnólfsson



✝
Elskulegur eiginmaður minn og sálufélagi,
MAGNÚS ÁSGEIRSSON
Furuhjalla 4, Kópavogi,
lést á Landspítalanum 24. mars sl. Jarðarför hefur farið fram í kyrrþey. Kærar þakkir til heimahjúkrunarinnar Karitas og starfsfólks deildar 11-E á Landspítalanum. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Krabbameinsfélag Íslands, Góða hálsa, í síma 540-1900.
Magnhildur Magnúsdóttir



Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.
Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 512 5000.

Útfararstofa
SVAFARS & HERMANNSS
571 8222
820 3939 SVAFAR
820 3938 HERMANN
Virðing Reynsla & Þjónusta
Allan sólarhringinn
WWW.KVEDJA.IS



FÓLK

KYNNINGARBLAÐ

grænn
apríl

Sérblaðið Fólk tekur þátt í átakinu Grænn apríl. Markmiðið er að kynna vöru, þekkingu og þjónustu sem er græn og umhverfisvæn og styður við sjálfbæra framtíð á Íslandi. Lumar þú á grænni þjónustu, vöru og/eda þekkingu, sem allt of fáir vita um? Þá er Grænn apríl eitthvað fyrir þig.



Sérstök brúðkaupsgjöf

KitchenAid

Öll brúðhjón fá glæsilega svuntu með nöfnum sínum og brúðkaupsdegi ísaumuðum.

Íslensk kennslubók í matreiðslu fylgir!

Gildir um KitchenAid hrærivélar.



Brúðarleikur

Þau brúðhjón sem koma við í verslun okkar og skrá sig á brúðgafalista fá nöfnin sín sjálfkrafa skráð í pott. Í lok sumars verða heppin brúðhjón dregin út og hljóta þau að launum nýju KitchenAid matvinnsluvélina, nýju KitchenAid brauðristina, nýja KitchenAid blandarann og nýja KitchenAid töfrasprotann, samtals að verðmæti um 200 þúsund krónur.



Nýjar KitchenAid vörur



Einar Farestveit & Co.hf.

Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is



LJÚFFENGUR
MATUR
Úlfar Finn-
björnsson sýnir
meistarataktu í
eldhúsinu á ÍNN.

ELDAÐ MEÐ HOLTA

HOLTA KYNNIR Úlfar Finnbjörnsson er einn færasti kokkur landsins. Hann sér um sjónvarpsþáttinn Eldað með Holta á ÍNN. Þar fáum við að fylgjast með honum elda ljúffenga kjúklingarétti úr Holta-kjúklingi.

Matreiðslumaðurinn Úlfar Finnbjörnsson sér um sjónvarpsþáttinn Eldað með Holta á ÍNN. Þar eldar hann ljúffenga rétti úr Holta-kjúklingi fyrir áhorfendur. Hér færir Úlfar okkur maísfylltar kjúklingabringur fyrir fjóra. Rétturinn er borinn fram með maískorni, steiktum

dvergmaís, poppkorni og kartöflum. Hægt er að fylgjast með Úlfari elda þessa girnilegu máltíð í kvöld klukkan 21.30 á sjónvarpsstöðinni ÍNN. Þættirnir verða svo endursýndir yfir helgina. Einnig er hægt að horfa á þá á heimasíðu ÍNN, inntv.is.

KJÚKLINGABRINGUR Fylltar með maís

3/4 dl kúskús
3/4 dl sjóðandi vatn
1 tsk. kjúklingakraftur
200 g maísbauur, frosnar og láttnar þiðna
1,5 dl rjómi eða mjólk
20 g smjör
1,5 msk. estragon smátt saxað eða
3/4 msk. þurrkað
Salt og nýmalaður pipar
1 msk. Montreal Chicken frá McCormik
4 kjúklingabringur
2 msk. olía



■ AÐFERÐ

Setjið kjúklingakraftinn í sjóðandi vatnið og hellið yfir kúskúsið. Látið álþappir yfir og geymið í 5 mín. Færið maísinn í pott ásamt smjöri og rjóma og sjóðið í 2-3 mín. Maukið með töfrasprotu eða í matvinnslu-

vél. Blandið helmingi maísmauksins vel saman við kúskúsið ásamt estragoni, salti og pipar og látið í sprautupoka. Skerið vasa á kjúklingabringurnar og sprautið maísfyllingunni inn í þær. Kryddið með Montreal Chicken-kryddinu. Steikið kjúklingabringurnar í olíu á heitri pönnu í 1-2 mín. á hvorri hlið eða þar til þær eru orðnar gullbrúnar. Setjið bringurnar í ofnskúffu og bakið við 180°C í 12-18 mín. Merjið restina af maísmaukinu í gegnum sigti og berið fram með bringunum, maískorni, steiktum dvergmaís, poppkorni og kartöflum.

Heilsuréttir Nings

Heilsuréttir Nings innihalda mikið af trefjum, hæfilegt magn próteina og góð kolvetni. Réttirnir eru kryddaðir með ferskum engifer, hvítlauk og chilli. Allir réttir okkar eru að sjálfsögðu án transfitu og MSG.

Sushi er frábær hollustufæða

NING

TRÖLLATREFJAR



Næringargildi í 100g:

Orka	448 kJ / 107 kkal
Fita	1,4g
þar af mett. fitusýrur	0,7g
Kolvetni	10,2g
Trefjar	1,1g
Prótein	10,8g




Suðurlandsbraut 6 • Stórhöfða 17 • Hlíðasmára 12 • Sími 588 9899 • www.nings.is

BORÐAR ÞÚ RÉTT?

1.690 kr.



Suðurlandsbraut 4a
533 1033 www.culiacan.is



MARGIR VILJA SNERTA VÖRUNA

VEFVERSLUN Fjölbreytt vöruúrval verður í boði á Glæsimarkaði sem haldinn verður á morgun. Margar vefverslanir kynna þar vörur sínar.

AQUACLEAN ÁKLÆÐI

AquaClean áklæði er sérstaklega auðvelt að hreinsa **adéins með vatni!**

KYNNINGARAFSLÁTTUR



Mósel **NÝTT**

Tungusófar - Sófasett - Hornsófar



Milano

Sófasett - Hornsófar - Tungusófar



Torino

Hornsófar - Tungusófar - Sófasett



Basel

Tungusófar - Sófasett - Hornsófar



Paris

TILBOÐSVÖRUR Á FRÁBÆRU VERÐI

ALLT AÐ **70%** af völdum vörum og sýningareintökum



Borðstofustólar frá 7.900 kr



Heilsukoddar 2.900 kr

Borðstofuborð frá 40.000	Fjarstýringavasar frá 2.500
Höfðagaflar frá 5.000	Hægindastólar frá 99.000
Sjónvarpsskápar frá 25.000	Tungusófar frá 75.400
Rúm 153cm frá 157.000	Hornsófar frá 139.900
Speglar frá 5.000	Sófasett frá 99.900

Patti HÚSGÖGN

Verslun okkar er opin:
Virka daga kl.9-18
Laugardaga kl.11-16
Sunnudaga lokað

Patti verslun | Dugguvogi 2 | Sími: 557 9510 | vefsíða www.patti.is

Fjöldi vefverslana mun hreiðra um sig í gamla Toyota-húsinu við Nýbýlaveg í Kópavogi á morgun þar sem svonefndur Glæsimarkaður verður haldinn milli kl. 11 og 17. Fjölbreytt úrval vara verður á boðstólum, til dæmis fatnaður, leikföng, handverk, þrjónavara og skartgripir. Sísi Ásta Hilmarisdóttir er ein þeirra sem munu kynna og selja vörur á markaðinum en hún er jafnframt skipuleggjandi hans. „Hugmyndina má rekja til barnavörumarkaðs sem hefur verið haldinn nokkrum sinnum. Þar komu margar netverslanir saman og seldu barnafatnað og tengdar vörur. Nú eru hins vegar mun fjölbreyttari fyrirtæki að selja og kynna vörur sínar þannig að allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi. Verslanirnar selja bæði eigin framleiðslu og innfluttar vörur.“

Sjálf er Sísi að setja á fót vefverslunina Krummafótur þar sem taubleyjur og fleiri vörur sem tengjast ungum börnum verða seldar. Glæsimarkaðurinn var því ekki síst settur á fót til að kynna vefverslunina og önnur sambærileg fyrirtæki. „Okkur langaði að koma okkur með einhverjum hætti á framfæri og gefa öðrum tækifæri á því sama. Við notum Facebook mikið til að auglýsa ásamt ókeypis vefmiðlum. Auk þess verðum við sem rekur vefverslanir enn vör við smá tregðu hjá Íslendingum við að versla á netinu. Margir vilja enn þá snerta vöruna, koma við efnið og máta áður en keypt er.“



Það eru ekki eingöngu nýjar vefverslanir sem selja vörur á Glæsimarkaðinum. „Þar verða bæði rótgrónar vefverslanir sem margir þekkja og nýstofnaðar verslanir og allt þar á milli. Sumar þeirra eru svo nýstofnaðar að þær eiga eftir að fá fyrstu sendingarnar að utan en ná því örugglega fyrir markaðinn. Þótt meginstarfsemi þeirra fari fram á vefnum eru fáeinar í hópnum sem reka einnig hefðbundnar verslanir. Þess má geta að margar af minni verslunum verða ekki með posa þannig að fólk er ráðlagt að hafa með sér reiðufé.“

Nánari upplýsingar um Glæsimarkaðinn og fyrirtækin má finna á Facebook-síðunni www.facebook.com/krummafotur.

GOTT ÚRVAL
„Þar verða bæði rótgrónar vefverslanir sem margir þekkja og nýstofnaðar verslanir,“ segir Sísi Ásta Hilmarisdóttir, skipuleggjandi Glæsimarkaðarins.
MYND/GVA

GLÆSIMARKAÐUR Í GAMLA TOYOTA-HÚSINU
Laugardaginn 6. apríl í gamla Toyota-húsinu, Nýbýlavegi 6, frá kl. 11-17. Tugir vefverslana selja vörur þar og kynna starfsemi sína.

GRÆNN APRÍL

NOTIST AFTUR OG AFTUR

Í mörgum stórverslunum erlendis eru vörur ekki lengur afgangar í plastpokum. Verslanirnar bjóða hins vegar viðskiptavinum að kaupa sér margnota innkaupapoka eða -töskur, sem kosta þá yfirleitt ekki mikið.

Sumir að þessum innkaupapakum eða -töskum eru ansi stórir, og þegar þeir eru fullir vilja þeir verða of þungir. Við burð kemur þá á mann „slagsíða“ sem er ekki góð fyrir stoðkerfi líkamans. Hér innanlands er í sumum matvörumörkuðum hægt að kaupa margnota innkaupatöskur.

Við hjá GRÆNUM APRÍL mælum hins vegar eindregið með BAGGU-pokunum, sem brjóta má saman og stinga í handtösku svo þeir séu alltaf til taks þegar kaupa á inn. BAGGU-pokarnir eru til í mismunandi litum og því

auðvelt að velja lit sem fellur að smekk hvers og eins. Höldurnar á BAGGU-pokunum eru breiðar og góðar og þyngdin dreifist vel á handlegginn ef pokanum er rennt upp á hann þegar búið er að fylla hann af vörum. Reyndar eru höldurnar það stórar að einnig er hægt að setja pokann á öxlina ef ekki er mikið í honum.

Innkaupatöskurnar fást í Heilsuhúsinu og í verslunum Lyfju.



GOTT MÁL
Ef þú kaupir þér BAGGU-poka í GRÆNUM APRÍL ertu að styrkja skógræktarverkefnið APRÍLSKÓGAR 2013, því söluaðilar leggja tíu krónur af hverjum seldum poka til þess. Nánar um APRÍLSKÓGA á www.graenn.april.is

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: 365 miðlar | Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal
Sölumenn: Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is, s. 512 5473
Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is, s. 512 5432
Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is, s. 512-5427 | Hönnun: Silja Ástþórsdóttir

Lífið

FÖSTUDAGUR
5. APRÍL 2013

Ólína Jóhanna
Gísladóttir.
DREYMIR UM AÐ
EIGNAST BUR-
BERRY FRAKKA 2

Sandra Ósk
Sigurðardóttir.
LÍFGAÐU UPP
Á SUMAR-
BÚSTAÐINN 4

Ragnhildur
Þórðardóttir.
GEFUR FIMM
HEILSURÁÐ EFTIR
PÁSKANA 10

Íslensk
ungmennni
forvitin um kynlíf

FRÉTTABLAÐIÐ


> visir.is/lifid

HVERJIR
HVAR?

Þó svo að margir hafi lagt leið sína út á land síðastliðna helgi nutu þó fjölmargir höfuðborgarinnar. Ljósmyndarinn **Nína Björk Gunnarsdóttir** varði til að mynda páskunum hér á landi ásamt fjöl-



skyldu sinni en hún er búsett í Lúxemborg. Sást hún spóka sig með systur sínum, þeim Elmu Lísu Gunnarsdóttur leik konu og Tinnu Gunnarsdóttur hárgreiðslukonu. Sást þá einnig



til **Manúelu Harðardóttur** í góðum félagsskap **Ragnheiðar Guðfinnu Guðnadóttur** og Karenar Lindar. Ásgeir Kolbeinsson hélt einnig til í borginni ásamt vinum og vanda mönnum.



Lífið

Hamingja, fólk og annað frábært

Umsjón blaðsins
Kolbrún Pálína Helgadóttir
kolbrunp@365.is

Umsjón lífsins á Vísir.is
Elly Ármann
elly@365.is

Útgáfufélag
365 miðlar ehf.

Forsíðumynd
Valgarður Gíslason

Auglýsingar
Aili Bergmann
atlib@365.is

Hönnun
Silja Ástþórsdóttir
siljaa@frettabladid.is

Lífið
Skaftahlíð 24,
105 Reykjavík,
sími 512 5000
www.visir.is/lifid

FRÆGA FÓLKID FERÐADIST
VEL HEPPNUÐ PÁSKAHÁTÍÐ UM ALLT LAND

Ísland var svo sannarlega í hátíðarbúningnum þessa páskana, sólin skein, skíðabrekkurnar fylltust af fólki og íslenskt tónlistarlíf blómstraði. Það er óhætt að segja páskahátíðin hafi tekist vel á flestum stöðum enda veðrið upp á sitt allra besta.



Á SKÍÐUM

Lögðu margir leið sína út fyrir borgarmörkin enda flott dagskrá víðs vegar um landið og flestar skíðabrekkur opnar. Í Hlíðarfjalli á Akureyri var frábær stemning og margt um manninn en þar mátti sjá **Einar Bárðarson** ásamt eiginkonu sinni, Áslaugu Thelmu Einarsdóttur, og börnum, fjölmiðlamanninn Kalla Lú og söngvarann Jónsa, sem vakti mikla lukku í fjallinu. Máttu þá sjá ritstýruna **Björk Eidsdóttur** á fleygiferð í fjallinu sem og kærustuparið **Tobbu Marinós** og **Karl Sigurðsson**. Íþróttálfurinn **Dýri Kristjánsson** sýndi einnig flotta skíðatakta.



ALDREI FÓR ÉG SUÐUR

Hátíðin Aldrei fór ég suður, sem fram fór á Ísafirði, var einstaklega vel sótt þetta árið en talið er að á fimmta þúsund manns hafi sótt hátíðina í ár, en þetta er í tíunda sinn sem hún er haldin. Heima- maðurinn **Örn Elías Guðmundsson**, einnig þekktur sem Mugison, setti hátíðina með glæsibrag en á meðal gesta mátti sjá leikkonuna **Selmu Björnsdóttur**, fjölmiðlamanninn **Sölva Tryggvason**, sjónvarpskockinn **Fríðriku Hjördisi Geirsdóttur** og leikaraparið **Þórunni Örnú Kristjánsdóttur** og **Vigni Rafn Valþórsson**.



Á SIGLUFIRÐI

Fólk skemmti sér einnig konunglega á Siglufirði en á meðal gesta þar voru rithöfundurinn **Hallgrímur Helgason**, dóttir hans og ljósmyndarinn **Hallgerður Hallgrímsdóttir** og leikkonan **Björk Jakobsdóttir**.



HAPP stuðlar að heilbrigði Íslendinga



Viltu gera vorhreingerningu?

Trefjarnar í drykkjunum okkar skola óhreindum út og vítamínin og steinefnin gefa þér aukna orku og léttara líf. Njóttu lífsins og vertu besta útgáfan af sjálfum þér.

25% afsláttur af detox pökkunum okkar dagana 2.-12.apríl.

Pantaðu núna á www.happ.is



Happ Höfðatorgi • Happ Austurstræti
Opíð frá 8 - 16 alla virka daga • www.happ.is

Pantaðu á happ@happ.is eða í síma 414 3060

ÓLÍNA JÓHANNA GÍSLADÓTTIR ANNAR EIGANDI VERSLUNARINNAR KASTANÍU

LENGI LANGAÐ Í LJÓSA
BURBERRY-KÁPU

Uppáhaldsflikin? Uppáhaldsflikin mín er kjóll sem ég keypti fyrir sex árum í Viborg í Danmörku þegar ég var að heimsækja bróður minn sem spilaði þar fótbolta.

Hvaðan er hún? Kjóllinn er eftir einn af mínum uppáhaldshönnuðum, Malene Birger.

Hvað er það sem gerir hana svona

æðislega? Ég bara elska flíkur sem passa við allt og geta bæði verið fínar og hvunn dags. Ég var hjá bróður mínum í viku og fór u.þ.b. fimm sinnum að skoða kjóllinn áður en ákvörðunin um kaupin voru tekin. Ég sé ekki eftir því að hafa fest kaup á honum, hef notað hann við svo mörg tækifæri og vinkonur mínar hafa einnig fengið hann lánaðan.

Hvenær klæddistu honum síðast?

Ég fór síðast í hann um jólin. Flík sem ég bara fæ ekki leiða á. Ég get ekki sleppt því að tala um mest notuðu flíkina í fataskápnum. Það er dásamlegur silkiklútur frá Plomo o Plata. Skemmtilegur fylgihlutur sem passar við allt.

Hvað keyptirðu þér

síðast? Flíkin sem ég keypti mér síðast er Barbour-jakki í versluninni Geysi á Akureyri.

Draumaflikin? Mig hefur lengi langað í ljósa Burberry-kápu. Tel það vera klassíska eilífðareign sem stelpurnar mínar geta svo notað seinna.

Ólína segist
elska flíkur
sem passa
við allt



HOLI

hátíðarmatseðill

4.990 kr. sun.-fim.

föstudagar og laugardagar 5.990 kr.

FORRÉTTUR

Masala tígrisrækjur

Konkan þönnusteiktar tígrisrækjur í engiferi, chillí, kúmmíni og hvítlauk

AÐALRÉTTIR

Koli Nallumallu

Framandi kjúklingaréttur í sterkri sósu úr tamarind, fersku kóríander og okkar eina sanna svarta pipar. Kunnur réttur kaffiræktenda í Coorg-héraði

og

Aadu Piralan

Marínerað lamb beint af grillinu. Kryddað með engiferi, hvítlauk, kókos og chillí. Dæmigerður og dásamaður réttur úr eldhúsi Keralabúa

og

Mysore Sambhar

Ljúffeng blanda af grænmeti og linsubaunum sem glatt hefur Mysore-aðalinn um aldir

og

Thoran

Grænmetisréttur kryddaður með sinnepsfræjum, karrílaufum og kókos

MEDLÆTI

Raitha jógúrtsósa
Basmati-hrísgrjón
Naan-brauð

EFTIRRÉTTUR

Savige payasum

Vermicelli-núðlur í dúnmjúku rjómalandi við rúsínur, möndlur og saffran



Suðrænn og seiðandi Holi-mánuður há Austur-Indíafjelaginu

Í apríl færir Austur-Indíafjlagið þér angan af gleði og litadýrð Holi-hátíðarinnar á Indlandi með ríkulegum hátíðarmatseðli á hreint frábæru verði aðeins 4.990 kr. virka daga og 5.990 kr föstudaga og laugardaga. Í ár lítum við til matarmenningar Malabar strandlengjunnar og bryddum upp á spennandi nýjungum á Holi-hátíðinni. Maturinn verður bæði suðrænn og seiðandi.

Borðapantanir í síma 552 1630.



Hverfisgata 56, 101 Reykjavík
Sími: 552 1630
www.austurindia.is



AUSTUR-INDÍAFJELAGIÐ
INDIAN RESTAURANT

Opið:
sun.-fim. 18:00 - 22:00
fös. og lau. 18:00 - 23:00

LÍFGAÐU UPP Á SUMAR- BÚSTAÐINN FYRIR SUMARIÐ

Nú er fyrsta stóra ferðamannahelgin afstaðin og óhætt að ætla að margir hafi þurft að dusta burt vetrarrikið í bústöðum sínum.



Sandra Dís Sigurðardóttir innanhússarkitekt

Vorið er kjörinn tími til þess að laga til í bústaðnum, dytta að, mála, kaupa smámuni í nýjum litum og hressa aðeins upp á hann áður en sumarið skellur á og sumarbústaðaferðunum fjölgar. Leyfið ykkur að hugsa örlítið út fyrir rammann og velja líti og ánægjulega muni til að skreyta bústaðinn. Það gerir hann bara skemmtilegri og meira spennandi.



Verið óhrædd við litina. Þeir hressa upp á sólarsetrið.



Einstaklega smekklegr stofa þar sem eggjið tekur sig vel út.



Náttúrusteinn á gólfi í bland við eik, einfalt og smekklegt.



Sniðug leið til að fá smá næði inni í litlu rými.



Prófaðu að mála panelinn. Það gerir ótrúlega mikið fyrir rýmið.



Skemmtilega litrík og kósý herbergi.

Útvarpsleikritið
Simmi og Jói
Laugardagsmorgna kl. 9 – 12
BYLGJAN 989



Halla Bogadóttir á fallegu heimili sínu.



Einstaklega fallegur skenkur.



Grímur skreyta meðal annars veggina hjá Höllu.



Listmunir eru áberandi á heimili Höllu.

HEIMSÓKNIN MEÐ SINDRA SINDRASYNI

KÍKT Á FRAMKVÆMDA- STJÓRA KRAUMS

Hún býr á eins konar hóteli en á íbúð innan þess. Í næsta þætti af Heimsókn bankar Sindri upp á hjá gullsmiðnum Höllu Bogadóttur, framkvæmdastjóra Kraums.



ÚT AÐ HJÓLA



JAMIS MISS DAISY
39.990 KR.
16" BARNAHJÓL ÁN GÍRA
MEÐ STÁLSTELLI OG
HJÁLPARDEKKJUM.



JAMIS X1
69.990 KR.
26" FJALLAHJÓL MED
ÁLSTELLI, FRAMDEMPARA
OG 21 GÍR.

JAMIS XR
59.990 KR.
26" FJALLAHJÓL MED
STÁLSTELLI OG 21 GÍR.



JAMIS X24
55.990 KR.
24" KRAKKAHJÓL MED
ÁLSTELLI OG 18 GÍRUM.



JAMIS EXPLORER 1
69.990 KR.
26" ÞÆGILEGT ALHLÍÐA
HJÓL MED STÁLSTELLI
OG 21 GÍR.



HOT ROD
33.990 KR.
12" BARNAHJÓL ÁN GÍRA
MEÐ STÁLSTELLI OG
HJÁLPARDEKKJUM.



JAMIS CITIZEN 1
64.990 KR.
28" ÞÆGILEGT DÖMU
GÖTUHJÓL MED STÁLSTELLI
OG 21 GÍR. EINNIG TIL Í HERRA.



JAMIS EXPLORER 2
79.990 KR.
ÞÆGILEGT ALHLÍÐA HJÓL
MED ÁLSTELLI OG 21 GÍR.
DEMPARI Í SÆTISPÓSTI
OG FRAMGAFFLI.
EINNIG TIL Í DÖMU.

Fáðu aðstoð við valið á réttu hjólanum.
Starfsfólkið okkar þekkir vörunar sem það selur.

HJÓLIN ERU Í SMÁRALIND

ÚTILÍF

GLÆSIBÆ

KRINGLUNNI

SMÁRALIND

utilif.is

SUNNEVA FRÖKK OG ÓFEIMIN

Begar Sunneva Sverrisdóttir starfaði fyrir Jafningjafræðsluna fannst henni áberandi hve forvitin ungmennin voru um kynlíf og upplifði því þörf á aukinni fræðslu. Í dag stýrir hún spennandi og fróðlegum þætti um kynlíf ungs fólks á Íslandi ásamt Veigari Ölni Gunnarssyni. Þættirnir eru upplýsandi og fróðlegir og koma til með að vekja umtal, án þess þó að fara yfir velsæmismörk. Lífið kynntist þessari ungu og áhugaverðu konu.

ALDUR 21 árs

HJÚSKAPARSTAÐA Á lausu

STARF/NÁM Viðskiptafræði við Háskólann í Reykjavík

Hvernig myndirðu lýsa sjálfri þér með nokkrum orðum? Opin, ævintýragjörð og hress ung kona sem veit hvað hún vill.

Segðu mér aðeins frá fjölskyldunni þinni? Ég kem úr frekar lítilli fjölskyldu, en mjög góðri.

Ég bý í miðbænum hjá foreldrum mínum og á eina eldri systur. Þó svo að við séum bara tvær systurnar þá hafa foreldrar okkar alltaf verið duglegir að tala við okkur systurnar og séð til þess að við erum nánin.

Hvað ætlaðir þú að verða þegar þú yrðir stór? Þegar ég var yngri ætlaði ég mér að verða annaðhvort tannlæknir, þar sem langafi minn var fyrsti tannlæknirinn á Íslandi, eða þá forseti, því ég vildi búa á Bessastöðum.

Ertu enn á sömu skoðun eða áttu þér nýjan draum sem þú ert kannski markvisst að stefna að í dag? Nei, í rauninni á ég mér engan sérstakan draum eða markmið sem ég stefni að akkúrat núna. Það eina sem ég veit er að mig langar til þess að vinna að einhverju sem mér finnst áhugavert og skemmtilegt í framtíðinni. Í dag legg ég stund á viðskiptafræði og hef mjög gaman af, svo hver veit nema ég endi í einhverju viðskipta-tengdu starfi.

Það er ekki beint bein tengsl á milli náms í viðskiptafræði og kynlífsþáttar. Hvernig vildi það til að þú bjóst til þáttinn Tveir + sex? Sumarið 2011 var ég að vinna hjá Jafningjafræðslunni við að fræða ungmenni um ýmis málefni, til að mynda tóbak, sjálfsmynd, áfengi, kynlíf og margt fleira þarft. Af þeim umræðum sem áttu sér stað var kynlífssumræða alltaf langlíflægust og mikið af áhuga-verðum spurningum sem komu upp. Þá áttaði ég mig á því að það væri að öllum líkindum vettvangur til að gera eitthvað fræðandi og skemmtilegt um málefnið. Þaðan þróaðist svo hugmyndin í að búa til Tveir + sex.

Finnst þér mikill munur á sjálfsmynd stúlkna og drengja? Strákarnir voru án efa ófeimnari við að spyrja um kynlíf í jafningjafræðslunni, en ég vil samt ekki endilega meina að það snúi að mismunandi sjálfsmynd kynjanna. Þeir eru bara frakkari á þessum aldri.

Hver voru svo næstu skref í átt að þættinum? Ég bar hugmyndina undir systur mína, Hrefnu Björk Sverrisdóttur, og við settum okkur í samband við Sigríði Dögg Arnardóttur kynfræðing og þá fór boltinn að rúlla. Hún er okkur innanhandar í þættinum, enda uppfull af fróðleik og vísu um þessi mál. Við fórum svo með hugmyndina til strákanna hjá Stórveldinu sem framleiða marga flotta íslenska þætti á borð við Andra á flandri, Master Chef og fleira. Þeir tóku vel í þetta og úr varð þátturinn.

Nú er þetta frumraun þín í sjónvarpi, finnst þér þetta ekkert mál? Nei, ég verð að viðurkenna að það var auðveldara en ég átti von á enda með góðan grunn í að koma fram.

Þú valdir Veigar með þér sem meðstjórnanda. Af hverju? Á stuttri skólagöngu minni í MH kynntumst við Veigar og urðum fljótt góðir vinir. Veigar er opin, einlægur og hefur reynslu af leiklist sem hefur komið sér vel. Svo er mikilvægt að við treystum hvort öðru vel þegar við vinnum með svona viðkvæmt málefni og það getum við. Ég hefði einfaldlega ekki getað hugsað mér betri mann í verkið.

Nú er þátturinn mjög opinskár og fræðandi, hvaða viðbrögð hafið þið Veigar fengið? Við höfum fengið mjög jákvæð viðbrögð. Ungt fólk hefur verið að koma upp að okkur og tala um að það sé skemmtileg tilbreyting að sjá talað á svona hispurslausan hátt í sjónvarpi um jafn viðkvæmt málefni. Að sjálf-sögðu eru einhverjir sem finnst verið að ganga of langt en almennt hafa viðbrögðin verið góð. Það er ótrúlega gaman að fá



Ungt fólk hefur verið að koma upp að okkur og tala um að það sé skemmtileg tilbreyting að sjá talað á svona hispurslausan hátt í sjónvarpi um jafn viðkvæmt málefni.

svo góðar viðtökur þegar að maður hefur verið að vinna að svona verkefni mánuðum saman.

Er ekkert málefni sem þið treystið ykkur ekki til að taka fyrir? Í rauninni er ekkert sérstakt málefni sem var of gróft eða viðkvæmt til þess að taka en við lögðum upp með að tala ekki um neitt neikvætt tengt kynlífi og nálgast öll umræðuefni með opnu og jákvæðu hugafari.

Nú reynið þið ýmislegt sjálf í þættinum – hvað er það furðulegasta sem þú hefur gert eða kannski óþægilegasta? Mig grunar að Veigari hafi fundið vaxið óþægilegast en persónulega fannst mér

mjög óþægilegt að ganga upp að ókunnugu fólki og bjóða því á blint stefnumót. En það þurftum við að gera í þætti okkar um stefnumótamenningu Íslendinga. Ég lét samt bara vaða og leið vel á eftir.

Hvað finnst fjölskyldunni um þetta nýja starf þitt? Þau taka þessu bara vel. Það er auðvitað frábært tækifæri að fá að vinna að svona sjónvarpsþætti og ég hef lært mikið af ferlinu. Foreldrar mínir virðast hafa séð það fyrir þar sem þau hvöttu mig til þess að gera verkefnið svo lengi sem það yrði gert vel.

Er þörf á ýtarlegri fræðslu um kynlíf í skólakerfinu að þínu mati? Nú veit

ég ekki nákvæmlega hversu mikla kynfræðslu unglingar fá í dag en það sem ég veit er að það er mikilvægt að opna umræðuna um kynlíf til þess að kveða niður mýtur og auðvelda ungu fólki að tjá sig. Um leið og umræðan opnast er kominn vettvangur til þess að koma á framfæri hvað manni finnst gott, hvort maður sé tilbúinn að gera ákveðna hluti o.s.frv. Ég tel því mikilvægt að hafa umræðu og fræða ungt fólk til þess að stuðla að heilbrigðu kynlífi.

Hvað hefur komið þér mest á óvart við gerð þáttanna? Ætli það hafi ekki komið mér mest á óvart hve mikið af ungu



Í austurrísku Ölpunum þegar Sunneva vann þar sem snjóþetta-kennari um tíma.



Þarna er Sunneva ásamt góðum vinum á útskriftardaginn sinn vorið 2011.



Sunneva með bestu vinkonu sinni, Andreu, síðasta vor á útskriftardeginum hennar.

► fólki var tilbúið að koma og tala um sitt kynlíf á einlægum hátt. Þegar við lögðum upp með þáttinn áttum við heldur von á því að það yrði erfitt að fá fólk til að tjá sig um kynlíf.

En er eitthvað sem hefur slegið þig alveg út af laginu? Ég verð að viðurkenna að ég var hálfslégin út af laginu við gerð BDSM-þáttarins. Þar fengum við Veigar að horfa á hýðingu en það var ein furðulegasta sena sem ég hef orðið vitni að, en samt sem áður mjög áhugaverð. Eftir að hafa síðan talað við iðk- endur og sérfræðinga komst maður síðan að því að undirstaða BDSM er að mikið traust og virðing ríki, öfugt við það sem maður hafði ímyndað sér í byrjun ferlisins.

Þú sinnir fleiri skemmtilegum verkefnum ekki satt, en þú þjálfar Morfís-lið Menntaskólans í Hamrahlíð. Hversu mikilvægt telurðu að ungt fólk læri að koma fram og tjá sig? Að geta komið fram og tjáð sig á opinberum vettvangi er að sjálf-sögðu mikill kostur og frábært veganesti út í lífið fyrir ungt fólk. Hins vegar tel ég að það sem er ekki síður áhugavert og lærdómsríkt við „Morfís-ferlið“ sé að fá að taka málefni og eyða heilli viku í að skoða allar hliðar þess og mögulegar rökfærslur. Maður lærir mikið af því að taka þátt en það er líka svo ótrúlega skemmtilegt.

Heldurðu að þessi grunnur þinn hafi gert þér auðveldara fyrir að koma fram í sjónvarpi og útvarpi? Eflaust hefur hann gert það, að taka þátt í ræðukeppnum er góður grunnur ásamt flestallri reynslu af því að koma fram. En annars hef ég alltaf verið mjög opin og átt auðvelt með að tjá mig svo maður hefði að öllum líkindum fundið einhverja leið til þess að tækla þetta.

Hvað næst? Langar þig að búa til meira sjónvarp? Ég hef bara ekki hugsað svo langt. Að sjálf-sögðu væri gaman að gera meira sjónvarpsefni ef það kæmi áhugavert verkefni upp en eins og er einblíni ég á að klára háskólann og sé svo bara til.



FASHION ACADEMY REYKJAVÍK

í samstarfi við
L'ORÉAL OG MAGNETIC NAGLA ACADEMY KYNNA

FANTASÍU MEISTARAMÓT ÍSLENSKRA NAGLAFRÆÐINGA

Fantasíu keppnin er opin
Naglafræðingumúr öllum naglamerkjum.

Þema fantasíukeppninnar er
High Fashion Fantasy Style.
Veitt verða verðlaun fyrir 3 efstu sætin.

L'ORÉAL NAGLAFILMUKEPPNI NAGLA- OG SNYRTIFRÆÐINGA

Naglafilmukeppnin er opin öllum nagla-
og snyrtifræðingum.

Veitt verða verðlaun fyrir
bestu ásetninguna.



Laugardaginn 4. maí frá 11:00-17:00

SKRÁNING OG NÁNARI UPPLÝSINGAR
LILJA@ELITEMODEL.IS - 571 5151

Uppáhalds

MATUR Önd.

DRYKKUR Kók.

VEITINGAHÚS Tapas barinn.

TÍMARIT Cosmopolitan.

VEFSÍÐA Vísir.is.

VERSLUN Monki.

HÖNNUÐUR Philippe Stark.

HREYFING Út að skokka.

DEKUR Heitur pottur.



MATARÆÐI DJÚSAÐU ÞIG Í GANG

Mikil djúsmenning ríkir hér á landi enda hentugt fyrir fólk sem er á hraðferð inn í daginn að fylla blandarann af hollustu og njóta úr fallegu glasi eða setja í flösku sem hægt er að taka með sér í ferðina. Eftirfarandi djúsuppskriftir gætu hjálpað þér til að eiga orkuríkan og góðan dag.

Einn einfaldur og góður að byrja daginn á

2 bollar kókosvatn
2 handfyllir spínat
Setjið í blandara og blandið þar til drykkurinn verður silkimjúkur.

Græn bláberjabomba

3 dl möndlumjólk (eða vatn)
100 g spínat
4 dl frosin eða fersk bláber
1 banani
1 cm engiferrót, afhýdd
Setjið allt í blandara í rétttri röð og blandið vel saman.

Einn sem rífur í

4 dl kókosvatn eða venjulegt vatn
½-1 lime, afhýtt og steinhreinsað
100 g spínat
25 g ferskt kóríander
100 g agúrka
50 g spírur
1 grænt epli
1 hvítlauksrif

5 g eða smá bútur ferskur engifer
1 limelauf
1 daðla
Smá sjávarsalt
Setjið allt í blandara í rétttri röð og blandið vel saman.

Suðrænn og seiðandi

1 dl vatn eða möndlumjólk
150 g ferskur ananas eða papaja, afhýtt og steinhreinsað
8-10 jarðarber
100 g frosið eða ferskt mangó
1 banani, ferskur eða frosinn, afhýddur og skorinn í bita
50 g spínat
5 myntulauf
Öllu skellt í blandara og hrært vel saman.

Sá græni

2-3 stór blöð af grænkáli eða 2-3 lúkur af spínati
2-3 cm ferskt engifer

2 stíklar sellerí
1 grænt epli
Safi úr ¼ sítrónu eða lime
Afhýðið epli, engifer og þvoðið allt grænmetið.
Skerið allt í litla bita og setjið í blandara og blandið vel saman. Síðið því næst í gegnum spírurpoka.

Vatnslosandi melónuhressing

5 dl vatnsmelóna í bitum
1 heill lime-ávöxtur, afhýddur
10 myntublöð
Nokkrir klakar
Afhýðið vatnsmelónuna og skerið í bita, setjið í blandara og blandið.
Afhýðið lime-ávöxtinn, skerið í bita og bætið út í ásamt myntublöðum og blandið þar til þetta er silkimjúkt.



AUGLÝSING: BASICPLUS KYNNIR



Rakel Sigurhansdóttir er eigandi Basicplus þar sem sala á kvenfatnaði og húsgögnum er sameinuð í einu rými.

MYND/STEFAN

STÓLAR OG KJÓLAR

Tískuvöruverslunin Basicplus í Mosfellsbæ hefur tekið upp þá nýjung að selja hvíldarstóla. Rakel Sigurhansdóttir eigandi segir sölu húsgagna og kvenfatnaðar fara vel saman og viðskiptavinina ánægða.

Tískuvöruverslunin Basicplus selur ekki einungis dömufatnað og fylgihluti heldur líka hvíldarstóla. „Þessir stólar hafa lengi verið til sölu í húsgagnaversluninni Valhúsgögn en nú hefur þeirri verslun verið lokað. Maðurinn minn rak Valhúsgögn og við vildum halda áfram að selja þessa stóla þar sem viðskiptavinir Valhúsgagna hafa borið þeim góða sögu,“ segir Rakel Sigurhansdóttir, eigandi Basicplus.

„Þetta eru nettir hvíldarstólar sem eru fánlegir í leðri og áklæði, með innbyggðum skemlum eða lausum skemli fyrir framan. Þeir eru fánlegir rafstýrðir þannig að þeir eru góðir fyrir þá sem eiga erfitt með að standa upp. Þeir lyfta undir fólk og henta því bæði

eldra fólk og þeim sem hafa lent í slysi.“ Rakel segir það passa mjög vel saman að bjóða upp á fatnað og stóla í sömu versluninni. „Við erum með stórt húsnæði sem við vildum nýta og fólk hefur verið mjög hrifið af þessari hugmynd hjá okkur. Við erum með fatnað fyrir konur á öllum aldri og í öllum stærðum og fyrir öll tækifæri. Einnig bjóðum við upp á skó, töskur og fylgihluti. Og núna hvíldarstóla. Þannig að núna kemur daman og kaupir kjól og herrann velur stól,“ segir Rakel og hlær dátt.

Verslunin er í Háholti 13-15 við hliðina á Krónunni í Mosfellsbæ, sími 517 5671. Verslunin er opin mánu-daga til föstudaga frá 12 til 18.



VERULEIKI FRAMHALDSSAGA

SAGA AF VERU, RAUNUM HENNAR OG HUGLEIÐINGUM

Anna Rún Frímansdóttir

Íslenskufraeðingur og rithöfundur skrifar

Æ, mig auma! Það er greinilegt að kókuátið í afmælinu í gær er farið að segja til sín. Ég ætla sko aldrei aftur að fá mér fjórar súkkulaðikökusneiðar með rjóma-fjalli, fimmtán kornflekskókur, átta marengstoppa og marga lítra af gosi í einu. Ég held svei mér þá að ég þurfi heldur ekkert að borða fyrir en á næsta ári. Með kvíðahnúti í maganum hugsa ég til leikfimitímans sem byrjar á slaginu 8.10. Ég staulast á fætur og dríf mig út undir bert loft. „Það er naumast að þú borðaðir í gær,“ segir Pálmar í stríðnistóni þegar við hittumst fyrir utan húsið hans. „Úff, ekki minnst á það,“ svara ég og skammast mín fyrir hömluleysið. „Ég á ekki eftir að geta hreyft mig í leikfimi án þess að æla,“ segi ég og spring úr hlátri. Pálmar skellihlær enda er Villi leikfimikennari þekktur fyrir allt annað en að leyfa nemendum sínum að komast upp með múður. Eitt sinn henti hann Telmu vinkonu öfugri út úr tíma þar sem hún var að gaspra eitthvað, eins og hann orðaði það, á meðan hann útskýrði reglurnar í blaki. Villi var nefnilega eitt sinn aðal-forsprakkinn í karlalandsliðinu í blaki og það fór ekki fram hjá neinum, enda ansi vinsælt að láta okkur spila blak í leikfimitímum. Maginn tekur aukasnúning þegar Villi tekur skælbrosandi á móti okkur við innganginn á íþróttahúsinu. Ég sé strax á honum að það er eitthvað skelfilegt í upp-siglingu. Minn versti ótti reynist sannur þegar hann tilkynnir okkur að í dag verði PÍPTEST!!! Það líður næstum því yfir mig á staðnum. Hvernig í ósköpunum á ég að fara að því að hlaupa með þennan auma mallakút minn? Ég ákveð að gera heiðarlega til-raun til að segja honum frá hömlulausa átínu mínu og afleið-

ingum þess en um leið og hann veitir mér athygli frýs ég á staðnum. Ég sem hræðist ekki neitt! Ég finn að ég er dauðskelkuð við Villa. Augu hans skjóta gneistum og ég get svarið fyrir að það rýkur úr eyrunum á honum. Ég er ekki viss um að hann sé alveg mennskur. Án þess að koma upp orði álpast ég á eftir hinum og reyni hvað ég get að vera komin yfir salinn áður en hávært PÍPIÐ glymur um íþróttasalinn. Þegar líða tekur á prófið fer ég þó að heltast úr lestinni við litla hrifningu Villa. „Vera Ottósdóttir, tekur þú ekki lýsi?“ gargar hann yfir hálfan salinn en hann þreystist seint á að lofsama þann gula vökva. „Nei, eiginlega bara stundum eða sko um helgar og á hátíðar- og tyllidögum,“ stama ég um leið og ég reyni að herða sprettinn. „Þú ert eins og nýfætt folald, það er varla að þú standir í fæturna.“ Ég þori varla að lífa á hann. „Hér eru sko öngvir aumingjar,“ bætir hann svo bálreiður við þegar ég er komin hálf leið yfir salinn. Það er því fátt annað fyrir mig að gera en að láta allan aumingjaskap lönd og leið og hlaupa þar til einhver verður á undan mér að gefast upp. Sem betur fer er Marteinn, sem hreyfir sig ekki nema af illri nauðsyn, sprunginn á fimmta stigi. Ég ákveð því að springa honum til samlætis og hlamma mér við hlið hans á bekkinn. Við horfum á Ágúst íþróttagarp heilla Villa upp úr skónum þar sem hann þeysist um salinn eins og hind við litla hrifningu hinna bekkjarfélaganna sem detta út hver á fætur öðrum. Ég er stundinni fegnust að komast út eftir tímenn. Ég játa mig sigræða – ég er augljóslega allt annað en íþróttalega sinnuð!

FRAMHALD Í NÆSTU VIKU



pt
prestigious textiles

Úrval
gæði
þjónusta


Allt fyrir gluggana á einum stað



Z-Brautir og gluggatjöld

Faxafeni 14 | 108 Reykjavík | S: 525 8200

Sumarvörurnar komnar



LAURA ASHLEY

Faxafeni 14 | 108 Reykjavík | Sími 551 6646



Það er óhætt að segja að Naglinn, eins og Ragga kallar sig, sé í topp formi.

POLINMÆÐI BESTI FERÐAFÉLAGINN

Ragnhildur Þórðardóttir, heilsusálfræðingur og einkaþjálfari, eða Ragga nagli eins og flestir þekkja hana, er búsett í Danmörku en þjálfar engu að síður fjöldann allan af Íslendingum í gegnum netið. Hún skrifar víða pistla og dreifir flottum fróðleik um heilsu, æfingar og mataræði. Ragga segir líkamann hefna sín ef maður þröngvar upp á hann dramatískum aðgerðum.

Uppáhaldslíkamsræktin?

Þungar lyftingar, ekki spurning. Það jafnast ekkert á við að rífa í járníð og sigra sjálfan sig frá því í gær.

Uppáhaldsdekríð?

Er ekkert gefin fyrir dekur, heita potta, spa og hvað þetta heitir allt saman, enda nagli. En þegar ég er á landinu líður mér ósköp vel á bekknum hjá besta

íþróttanuddaranum, Einari Carli Axelssyni, þar sem hann djöflast á þreyttum ofnotuðum vöðvunum.

Besti maturinn?

Ef við erum að tala um hollustu er það tvímælalaust bakadur hafragrautur. Gæti slafrad honum í mig þar til augun standa út úr hausnum. En í sukkdeildinni er hörð samkeppni

milli hamborgara og pitsu, enda partur af lífsstílnum að leyfa sér slíkt gúmmulaði reglulega.

Hvar og hvenær líður þér best?

Laugardagar eru í sérstöku upphaldi hjá okkur hjónum. Þá eigum við kósý morgunverðarstund og tökum svo góða æfingu. Um kvöldið gerum við okkur svo glaðan dag með góðum mat og skemmtilegum félagskap.


Uppáhalds-maturinn

BAKAÐUR BANANABRAUÐSGRAUTUR

1 skammtur
40 g haframjöl
2 mæliskeiðar
HUSK
1/2 tsk lyftiduft
klípa salt
1-2 tsk. chia fræ
Banani skorinn í
bita eða stappaður
(Naglinn vill bitana
til að fá undir tönn)
1/2 tsk. negull

1/2 tsk. engifer
1 tsk. kanill
4-5 dl vatn (fer eftir
þykktarsmekk)

Öllu blandað
saman í eldfast
mót. Hrært aðeins
saman með gaffli.
Bakað á 170°C í
35 mínútur.



Þessi grautur er í miklu upphaldi hjá Rögggu.



LÍÓSMYND/JÓNAS HALLGRÍMSSON.

Siggi Hlö

Veistu hver ég var?

Laugardaga
kl. 16 – 18.30

BYLGJAN
989

RÁÐ RÖGGU TIL AÐ KOMA SÉR Í FORM FYRIR SUMARIÐ EFTIR PÁSKAGLEÐINA

1 HEGÐUNARMARKMIÐ

Settu þér hegðunarmarkmið frekar en að einblína eingöngu á útkomumarkmið. Versla hollt, minnka skammtana, sleppa gosdrykkjum og mæta á allar æfingar vikunnar. Það eru þessar uppsöfnuðu litlu breytingar á hegðun sem verða að lífsstíl.

2 GERÐU SAMNING Til að koma hegðun upp í vana þarf að framkvæma hana í 20-30 daga án þess að svindla. Gerðu samning við sjálfa(n) þig að mæta þrisvar í viku fyrsta mánuðinn – það eiga allir þrjá klukkutíma aflögu á viku.

3 HEILBRIGÐ EFNASKIPTI Markmiðið í fitutapi á alltaf að vera að halda heilbrigðum efnaskiptum. Byrjaðu með kaloríur eins hátt og eins fáar þolæfingar og þú kemst af með. Lyfta þungt til að viðhalda vöðvamassanum. Láttu styrktaræfingar vera í forgangi fremur en þolæfingar.

4 MÆLDU ÁRANGURINN Byrjaðu í efri mörkum hitaeningaþurrðar og mældu líkamlegar breytingar á tveggja til þriggja vikna fresti. Ef þú ert að ná árangri, haltu áfram á sömu braut. Ef ekkert er að gerast, gerðu smávægilegar breytingar.

5 VIGTIN SEGIR EKKI ALLT Ekki einblína á vigtina sem mælikvarði á árangur. Hún segir þér ekkert um hlutfall vöðva og fitu í samsetningu líkamans. Notaðu frekar þína eigin

upplifun af árangri, fötin, málband, spegilinn.

6 RAUNHÆFAR VÆNTINGAR Það þýðir ekki að byrja í apríl og ætla sér að verða helmassaköttaður í júní. Það tók ekki ársfjórðung að bæta á þig aukakílónum – það mun því heldur ekki taka örfáar vikur að skafa þau af. Gefðu þér tíma í verkefnið. Því lengri tíma sem þú gefur þér í fitutap þá stuðlar það að langvarandi árangri.

7 POLINMÆÐI ER BESTI FERÐAFÉLAGINN Leyfðu líkamanum að vinna á sínum hraða og mundu að góðir hlutir gerast hægt. Ekki detta í skyndilausnapakkann í epískri óþolinmæði eftir árangri. Ef þú gerir rétt fyrir líkamanum vinnur hann með þér – ef þú þröngvar honum með dramatískum aðgerðum þá hefnir hann sín.

8 VIÐHORF SKIPTIR MÁLI Stjórnaðu hugsunum þínum og lærðu á veikleika þína.

9 LÆRDU Á SJÁLFAN ÞIG Ekki fara á enn eitt planið, kúrin, æfingaprógrammið nema þú gerir vorhreinerningu í hausnum. Lærðu í hvaða aðstæðum þú kokkar upp afsakanir fyrir að fara af beinu brautinni. Vertu tilbúinn með mótrök og réttar aðferðir til að yfirstíga hindranir. Skrifðu niður hvers vegna það skiptir þig máli að ná markmiðum þínum og dragðu upp þann minnismiða þegar hugsanir sem vilja vinna hryðjuverk á árangrinum læðast inn í kollinn á þér.



Uppskriftir: <http://ragganagli.wordpress.com/uppskriftir-roggu-nagla/>
Fjarþjálfun: <http://ragganagli.wordpress.com/about/>

NOVEXPERT-LEIÐIN | NÝJAR HÚÐVÖRUR

Þú nýtur góðs af frönskum vísindum

■ Húðin er stærsta líffæri líkamans og við treystum ekki hverjum sem er fyrir húð okkar. Hjá Novexpert er neytandinn alltaf meðvitaður um hvaða vísindamaður þróaði viðkomandi vöru.



Dr. D'Anna



Dr. Lectere



Dr. Coletta



Dr. Lintner



100% náttúrulegar vörur
Án Parabena
Án Rotvarnarefna

Án ilm og litarefna
Án mineral olíu

1. Endurnýjun húðar, verndar frumur og lengir líf þeirra. Hefur langtíma áhrif gegn öldrunarþáttum.
2. Þú sérð árangur strax, lyftir og stinnir húðina og húðin verður meira „fyllt“.
3. Meiri ljómi og línur hverfa.

LABORATOIRES
NOVEXPERT
PARIS

Óm
SNYRTIVÖRUR

Óm snyrtivörur – Tunguvegur 19 – 108 Reykjavík
sími 568-0829 – om@om.is – www.om.is



HELGAR MATURINN

Gígja Þórðardóttir
Sölu- og markaðsstjóri
Gengur vel ehf. deilir hér einum af sínum uppáhaldsréttum sem hún eldar reglulega fyrir fjölskylduna.

Indverskur kjúklingaréttur
 Úrbeinuð læri eða bringur
 3-4 hvítlauksgeirar
 3-4 cm ferskur engifer – rífa með rifjárnri
 2 msk. garam masala-krydd
 2-3 msk. karrý
 1 msk. sojasósa
 3-4 litlar dósir af tómát-paste
 2-3 lárviðarlauf
 5 svört piparkorn
 ½ flaska rauðvín
 2 dl vatn
 2 teningar kjúklingakraftur
 1-2 msk. hrásýkur/sykur

Brúna kjúkling og hvítlauk í smá olíu, skella svo öllu í pott og láta malla í u.þ.b. 1 klst.
 Frábært að bera fram með sætum kartöflum, naanbrauði, hrísgrjónum, jógurtsósu og mangó-chutney. Tvær stórar sætar kartöflur skornar í bita eða sneiðar og lagt í eldfast mót. Olíu og smá salti skellt ofan á. Gott er að setja líka hvítlauk og/ eða pekanhnetur. Bakist þar til kartöflurnar eru tilbúnar.

Jógurtsósa:
 1 dl AB-mjólk
 5 cm u.þ.b. agúrkubútur, rifinn
 Salt og pipar
 2 hvítlauksrif, kramin
 Öllu blandað saman og hrært vel.



...spjörunum úr

NAFN? SÓLVI FANNAR VÍÐARSSON
ALDUR? 41 ÁRS
STARF? LEIKARI, EINKAÞJÁLFARI, FYRIRLESARI, RITHÖFUNDIR, MEDFERÐARADILI Í STARFRÆNNI LÆKNISFRÆÐI (E. FUNCTIONAL MEDICINE) OG ÝMISLEGT ANNAD SMÁLEGT.

Hvern faðmaðir þú síðast? Dætur mínar.

Hver kom þér síðast á óvart og hvernig? Í raun og veru ég sjálfur með því að vakna í morgun.

Hvaða galla í eigin fari ertu búinn að umbera allt of lengi? Fullkominaráráttu sem ég elska að hata.

Ertu hörundssár? Já og nei.

Dansarðu þegar enginn sér til? Bæði.

Hvenær gerðirðu þig síðast að fífl og hvernig? Ég reyni að gera mig að fífl daglega og ef mér mistekst það þá á ég fullt af „vinum“ og ættingjum sem hlaupa fúsir í skarðið. Ég stóð mig til dæmis ágætlega í vikunni þegar ég kallaði yfir gjaldkerana í Landsbankanum að þeir þyrftu að fara í raddþjálfun því það heyrðist ekkert í þeim (það var reyndar fátíðlega mikið að gera) en ég sagði þetta í fullri einlægni, blikkaði og allt – en þetta gerði ég með fullri virðingu svo þeir yrðu ekki mjög móðgaðir.

Hringirðu stundum í vælubilinn? Það var ég sem klippti númerin af vælubilnum og setti 6601200 í staðinn.

Hvað eyðirðu miklum tíma á Facebook á dag? Ber fyrir mig fimmta ákvæði bandarísku stjórnskrárinna.

Ferðu hjá þér þegar þú hittir fræga eða heilsarðu þeim? Það þurfa ALLIR vini.

Lumarðu á einhverju sem fáir vinir þínir vita um þig? Ætli það sé ekki hvað mér þykir í raun vænt um þá.

Hvað ætlarðu alls ekki að gera um helgina? Láta mér leiðast. Það verður Skálmöld í Hörpu!

GOSH[®]
 PROFESSIONAL

Viltu endurnýjaðan kraft og gljáa fyrir hárið þitt ?

... þitt er valið !

Fullkomin hárlína og mótunavörur fyrir allar hágerðir

512 5000

Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opin alla virka daga frá 8-17

Allar smáauglýsingar vikunnar á visir.is

BÍLAR & FARARTÆKI



NISSAN Patrol gr 38 , Tilboð 1080 stgr . Árgæð 2000, ekinn 238 P.KM, dísel, 5 girar. Tilboð 1.080.000. Rnr.103410. Bilabankinn 588-0700



DODGE Grand caravan. Árgæð 2003, ekinn 137 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 990.000. Möguleiki á 100% láni Rnr.104491. Bilabankinn 588-0700



